


ÁRSSKÝRSLA LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS 2024





ÁRSSKÝRSLA 2024

EFNISYFIRLIT

ÁVARP REKTORS 4

LISTAHÁSKÓLINN Í TÖLUM 6

AKADEMÍSKT STARF 9

Rannsóknir

Nám og kennsla

Kvikmyndalistadeild

Sviðslistadeild

Tónlistardeild

Arkitektúrdeild

Hönnunardeild

Myndlistardeild

Listkennsludeild

STOÐÞJÓNUSTA 31

Rekstur og fjármál

Húsnæði og aðstaða

Upplýsingatækni

Gæðamál

Kynningarmál og viðburðir

Mannauðsmál

Velferðarteymi

Náms- og starfsráðgjöf

Námsþjónusta / Nemendaskrá

Opni Listaháskólinn

Alþjóðaskrifstofa

Bókasafn

Verkstæði

Inngilding

Innleiðing stefnu

STJÓRN, RÁÐ OG NEFNDIR 42

ÁVARP REKTORS

Undirrituð tók við stöðu rektors þann 1. ágúst 2023. Á fyrsta ári mínu í starfi uppfærðum við skipurit Listaháskólans og settum okkur nýja stefnu til næstu fjögurra ára. Uppfært skipurit og ný stefna tóku gildi þann 1. ágúst 2024. Að auki hófum við vinnu við nýjar hugmyndir um framtíðarhúsnæði skólans með það að markmiði að koma skólanum undir eitt þak fyrr en áætlað var á hagkvæmari og umhverfisvænni hátt. Einnig urðu stór tímamót í sögu skólans vorið 2024 þegar Listaháskólinn gat í fyrsta sinn boðið nemendum sínum upp á nám án skólagjalda.

Nýtt skipurit

Fyrra skipurit var innleitt árið 2021. Árið 2023 voru blíkur á lofti sem gáfu okkur sterkar vísbendingar um fyrra skipurit þarfnaðist endurskoðunar og ákveðið var að fara í umfangsmikla greiningarvinnu þar sem allir lykilstjórnendur LHÍ voru kallaðir að borðinu. Greiningin leiddi í ljós að umboð stjórnenda til ákvarðanatöku var ekki nægilega skýrt og samskipta- og boðleiðir óþarflega langar.



Aðalmarkmið nýs skipurits er að veita stjórnendum skýrara umboð til ákvarðanatöku og nægilegt svigrúm til stefnumótunar innan sinna sviða. Nýja skipuritið miðar að því að skýra ábyrgð stjórnenda og deildarforseta enn frekar, einfalda skipulag og straumlínulaga ákvörðunarferli. Í nýju skipuriti heyrja deildarforsetar beint undir rektor, störf tveggja aðstoðarrektora voru innleidd, þ.e. aðstoðarrektor náms og kennslu og aðstoðarrektor rannsóknna sem gefur okkur meira svigrúm til eflingar og þróunar. Einnig var miðlæg stoðþjónusta endurskipulögð og miðlægt svið samfélags og sjálfbærni innleitt með það að markmiði að styrkja enn frekar samfélagslegt hlutverk skólans, efla sýnileika hans og auka sjálfbæra starfshætti.

Ný stefna: Við stækkum veruleikann!

Ný stefna Listaháskólans til næstu fjögurra ára var innleidd 1. ágúst síðastliðinn. Yfirskrift stefnunnar vísar í hlutverk listarinnar, fangar tilgang okkar og veitir innblástur. Stefnan var þróuð allan síðasta vetur í breiðu samtali við starfsfólk og nemendur skólans. Nýja stefnan leggur áherslu á mikilvægi skapandi hugsunar, fjölbreytni og að Listaháskólinn sé og verði samfélagslegt hreyfið.

Ný stefna skilgreinir sameiginleg markmið okkar til næstu ára og kortleggur þau skref sem við þurfum að stíga til að ná þeim. Leiðarljós nýrrar stefnu eru þrjú og undir hverju leiðarljósi setjum við okkur þrjú meginmarkmið. Undir hverju meginmarkmiði eru vandlega skilgreindar og tímasettar aðgerðir sem munu gera LHÍ kleift að innleiða stefnuna á áhrifaríkan hátt á næstu fjórum árum. Á hverju vori forgangsröðum við aðgerðum fyrir næsta skólaár.

Framtíðarhúsnæði á Skólavörðuholti

Framtíðarhúsnæði LHÍ tók nýja stefnu síðastliðið haust þegar nýr möguleiki; húsnæði Tækniskólans á Skólavörðuholti, stóð okkur til boða af hálfu stjórnvalda. Háskóla-, vísinda- og nýsköpunarráðherra skipaði í framhaldinu stýrihóp til að endurmeta húsnæðismál Listaháskóla Íslands og var hópnum ætlað að skoða fýsileika þess að koma starfsemi LHÍ fyrir í húsnæði Tækniskólans á Skólavörðuholti. Hópnum var gert að meta húsnæðiskost Tækniskólans og bera saman haganleika Tækniskólans og Tollhússins.

Greining og samanburður þessara tveggja kosta leiddi í ljós að þrjú lykilatriði gerðu húsnæði Tækniskólans að hagkvæmari valkosti: Lægri kostnaður, styttri tímalína og sjálfbærni/umhverfis sjónarmið.

Áætlað er að framkvæmdakostnaður við húsnæði Tækniskólans sé 32-39% lægri en við Tollhúsið. Húsnæðið þarfnast minni breytinga og einskis niðurrifs. Byggingin er þegar nokkuð stærri en Tollhúsið hvað varðar nothæfa fermetra og hýsir nú þegar sérsniðnar vinnustofur og önnur rými sem krefjast aðeins minni aðlögunar. Að auki hefur LHÍ tækifæri til frekari stækkunar á Skólavörðuholtinu sem er mikilvægt fyrir þróun skólans í framtíðinni. Minni óvissu gætir um framkvæmdir og kostnað við húsnæði Tækniskólans og starfsemi LHÍ rúmast vel þar.

Stjórnendur og stjórn skólans eru í góðu samtali við stjórnvöld varðandi næstu skref og munum við upplýsa nemendur og starfsfólk skólans um þróun mála jafnóðum.

Ég er stolt af þeim árangri sem við höfum náð á síðustu misserum og horfi björtum augum fram á veginn. Listaháskólinn er suðupottur menningarinnar og vaggan í listalífi þjóðarinnar. Ég hlakka til samstarfs við starfsfólk, nemendur og samfélagið allt á komandi árum.

Kristín Eysteinsdóttir, rektor



LISTAHÁSKÓLINN Í TÖLUM

676

VIRKIR NEMENDUR
HAUSTIÐ 2024

62,9%

NEMENDA VORU KONUR,
36,5% KARLAR OG 0,6%
KVÁR

1.021

UMSÓKNIR BÁRUST UM
SKÓLAVIST ÁRIÐ 2024

24,7%

UMSÆKJENDA VORU
TEKNIR INN Í NÁM

840

NÁMSKEIÐ KENND Á
ÁRINU 2024

28,0

ÁR VAR MEÐALALDUR
NEMENDA HAUSTIÐ 2024

154

FASTRÁÐNIR STARFS-
MENN STÖRFUÐU Á
ÁRINU 2024

118

STÖÐUGILDI
FASTRÁÐINNA

617

STUNDAKENNARAR OG
VERKTAKAR ÁRIÐ 2024

30,3

STÖÐUGILDI STUNDAKENN-
ARA OG VERKTAKA

0,020%

LAUNAMUNUR Á MILLI KYNJA
VORIÐ 2024 (TÖLFRÆÐILEGA
ÓMARKTÆKUR MUNUR)

71.000

EINTÖK ERU Í SAFN-
KOSTI BÓKASAFNS, ÞAR
AF 52.000 TIL ÚTLÁNS

13.998

FERMETRAR BYGGINGA OG SEX
MISMUNANDI LEIGUSALAR

7

BYGGINGAR Í ÞREMUR
PÓSTNÚMERUM

412


VIRÐBURÐIR HALDNIR
ÁRIÐ 2024

Alls voru 676 nemendur við nám í Listaháskólanum í október 2024, þar af voru 425 konur, 247 karlar og 4 kvár.

Nemendur í meistaranámi voru 199 og nemendur í bakkalárnámi voru 477.

Árið 2024 bárust 1021 umsóknir. Um haustið hófu 252 nýnemar nám og inntökuhlutfallið var 24,68% í heild fyrir skólann. Árið 2024 brautskráðust alls 196 nemendur.

Hlutfallsleg dreifing nemenda á milli deilda, haustið 2024





AKADEMÍSK STARF

Boðið er upp á eftirfarandi námsleiðir í LHÍ:

Arkitektúrdeild

Bakkalárnám í arkitektúr (180 ECTS)
Meistaránám í arkitektúr (120 ECTS)

Hönnunardeild

Bakkalárnám í fatahönnun, grafískri hönnun og vöruhönnun (180 ECTS)
Meistaránám í hönnun (120 ECTS)

Listkennsludeild

Meistaránám (120 ECTS) og viðbótardiplóma (60 ECTS) í kennslufræði
Meistaránám (120 ECTS) og viðbótardiplóma (60 ECTS) í listum og velferð
Meistaránám (120 ECTS) og viðbótardiplóma (60 ECTS) í listkennslufræði

Myndlistardeild

Bakkalárnám í myndlist (180 ECTS)
Meistaránám í myndlist og sýningagerð (120 ECTS)

Kvikmyndalistdeild

Kvikmyndagerð (180 ECTS)

Sviðslistadeild

Alþjóðlegt bakkalárnám í samtímadansi (180 ECTS)
Alþjóðlegt meistaránám í sviðslistum (120 ECTS)
Leikaranám (180 ECTS)
Sviðshöfundanám (180 ECTS)

Tónlistardeild

Hljóðfæraleikur (180 ECTS)
Söngur (180 ECTS)
Klassísk söng-/ hljóðfærakennsla (180 ECTS)
Rytísk söng-/ hljóðfærakennsla (180 ECTS)
Kirkjutónlist (180 ECTS)
Skapandi tónlistarmiðlun (180 ECTS)
Tónsmíðar / nýmiðlar (180 ECTS)
Tónsmíðar (120 ECTS)
Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf (120 ECTS)
Söng- og hljóðfærakennsla (120 ECTS)

RANNSÓKNIR

Á árinu var unnið af miklum krafti að því að efla rannsóknir í samræmi við nýja stefnu LHÍ. Útgáfusjóður LHÍ veitti samtals 732 þúsund krónum til tveggja akademískra starfsmanna, og rannsóknarsjóður LHÍ úthlutaði alls 2 milljónum króna til fimm verkefna.

Undir lok árs var fjórum rannsóknarleyfum úthlutað. Þau hlutu:

Anna Dröfn Ágústsdóttir, lektor við hönnunardeild

Anna María Bogadóttir, dósent við arkitektúrdeild

Carl Boutard, dósent og fagstjóri í myndlistardeild

Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, prófessor við sviðslistadeild

Rannsóknarþjónustan stóð fyrir reglulegum rannsóknarmiðjum yfir árið til að styðja við rannsakendur í ýmsum verkefnum. Auk þess var boðið upp á einstaklingsviðtöl vegna komandi verkefna, og rannsóknarfundir voru haldnir í deildum. Rannsóknarþjónustan sá einnig um skipulagningu námskeiðsins *Rannsóknir og miðlun* fyrir nýja rannsakendur, sem verður kennt á vorönn 2025.

Árlega rannsóknarráðstefnan *Hugarflug* var haldin 13. september undir yfirskriftinni *Listrannsóknir: Hin skynræna þekking – Artistic research: The Tacit Knowledge*. Lykilfyrirlesari var **Stuart Walker**, deildarstjóri sjálfbærrar hönnunar við Manchester Metropolitan University, sem hélt erindi fyrir fullum sal í Stakkahlíð. Á árinu hófst vinna við þróun doktorsnáms í listum, og jafnframt var sett af stað samstarfsverkefni HÍ, LHÍ og Listasafns Íslands um sameiginlegt doktorsnám.

Tvö rannsóknarverkefni hlutu styrk úr Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs:

Building Bridges through Collaboration: MetamorPhonics as an Approach to Socially Engaged Music Making, þriggja ára rannsóknarverkefni Þorbjörgu Daphne Hall, hýst við LHÍ.

Frelsi til merkingarsköpunar: Líkamlegar reynslubundnar rannsóknir, hýst við HÍ, undir forystu Guðbjargar R. Jóhannesdóttur og Sigríðar Þorgeirsdóttur (HÍ) í samstarfi við Kristínu Valsdóttur, dósent við listkennsludeild LHÍ, ásamt fleirum.

Áhersla var lögð á að uppfæra verkferla og reglur til að bæta rannsóknarumhverfi LHÍ. Að auki gerðist háskólinn meðlimur í *Research Catalogue*, þar sem rannsakendur LHÍ munu deila afrakstri listrannsókna. Rannsóknarmat skólans var þróað áfram með viðtæku samráði í öllum deildum, fagraði og framkvæmdaráði. LHÍ tók einnig virkan þátt í samstarfi innan rannsókna- og fræðasamfélagsins á árinu, meðal annars með MSHL, sem hlaut styrk úr Samstarfssjóði háskólanna, Rannsóknarsetri skapandi greina, GAGNÍSt, Djúptæknijarna HÍ og REAC.

NÁM OG KENNSLA

Frá hausti ágúst 2024 hefur verið unnið að nýju skipulagi stjórnsýslu kennslumála. Undir stjórn rektors náms og kennslu starfa kennsluþróunarstjóri og fjórir akademískir verkefnastjórar sem eru tengiliðir deilda. Meginmarkmiðið með innleiðingu á störfum akademískra verkefnastjóra er að efla stuðning við kennslustarf deilda s.s móttöku kennara, námsþróun og gæðastarf. Þegar má merkja áhrif á starf fagstjóra sem nú geta einbeitt sér enn frekar að því að sinna nemendum og faglegu innihaldi, en akademískir verkefnastjórar taka að sér ákveðna umsýslu sem áður var á herðum fagstjóra.

Þrjár nefndir hafa verið stofnaðar í þeim tilgangi að stefna saman þeim aðilum innan skólans sem hafa bæði með faglega og tæknilega þætti sem viðkoma skipulagi og gæðum námframboðs og kennslu. Þetta eru: Námsþróunarnefnd sem fjallar um gæðamat námsleiða, nýjar námsleiðir, ný námskeið. Í nefndinni sitja gæðastjóri, kennsluþróunarstjóri, forstöðumaður námsþjónustu og aðstoðarrektor náms og kennslu. Kennsluskrárnefnd sér um ritstjórn kennsluskrár, minniháttar breytingar á kennsluskrám, skráningar í Uglu og skýrteinisviðauka. Í nefndinni sitja kennsluþróunarstjóri, forstöðumaður námsþjónustu og akademískir verkefnastjórar. Og Ritnefnd Uglu og Lhi.is fer með ritstjórn yfir vef og Uglu og sér um að fylgja eftir skilum á upplýsingum fyrir vef og samræmingu upplýsinga. Í nefndinni sitja Kynningastjóri, akademískir verkefnastjórar, sviðsstjóri samfélags og sjálfbærni

Í kennslunefnd Fagráðs sitja akademískri fulltrúar deilda og fulltrúar nemenda og vinnur kennslunefndin að námsþróun. Helstu verkefni í vetur hafa verið vinna við matskvarða, nýtt námsskipulag til þess að skapa aukinn sveigjanlega fyrir möguleika nemenda til að móta námið og fyrir meira val. Rýning á kennsluþróunarstefnu og inntökuskilyrðum og upplýsingum um námið í ljósi inngildingar og nýrrar stefnu skólans.

Í MA Forum sitja fagstjórar meistaranáms og deildarforsetar. Á þeim vettvangi er unnið að þróun meistaranáms og námsumhverfis meistaranema. Í þróun eru sameiginlegt grunnnámskeið í rannsóknaraðferðum á ensku og íslensku sem ráðgert er að fari af stað haustið 2026. Fagstjórar hafa deilt með sér upplýsingum um valnámsleið: úrval og áherslur og unnið að samhæfingu námskeiða, námskeiðastæðrörir og kennslumagns. Markmiðið er samræming stundataflna og er sú umræða komin vel á veg með hugmyndum um samræmdar lotur og fleygar fyrir snörp námskeið. Þróun örnáms er einnig til skoðunar í MA Forum.

Umfangsmikil vinna hefur verið í gangi við að rýna nýja evrópsk gæðaramma um listnám (CALOHEX) á háskólastigi og hvernig nýta má þá mælikvarða fyrir námið í LHÍ. Þessi vinna hefur náð til kennslunefndar, MA Forum og Fagráðs og verið tekin til skoðunar í deildum skólans.

Af verkefnum sem hlutu styrk úr þriðja samstarfi háskólanna og tilkynnt var um í desember 2024 leiðir Listaháskólinn verkefnið „Aukið aðgengi að listnámi“. Verkefnið sem miðar að því að auka aðgengi að listnámi utan Reykjavíkur er samstaf við Háskólann á Akureyri og hlaut það 29,3 milljónir í styrk. Verkefnið leggur áherslu á aukinn sveigjanleika námsins og möguleika nemenda til þess að móta eigin áherslur. Skólarnir vænta þess að með þessu samstarfi og námsskipulagi muni skólarnir geta aukið aðgengi að námi í listum á háskólastigi og þjónað þannig betur landsbyggðinni og fjölbreyttari nemendahópi

LHÍ hlaut einnig styrk ásamt HÍ og HR fyrir starf Miðstöðvar stafrænna hugvísinda og lista. Verkefnið snýst um að gera stafræn gögn um íslenska menningu og listir aðgengileg á ábyrgan hátt með nýjum lausnum og samningum sem tryggja persónuvernd og höfundarrétt. Markmiðið verður í öllum tilfellum að hafa gögn eins opin og kostur er.

Helstu punktar:

Áunnið (2024-2025):

Skipulag stjórnsýslu kennslumála:

- Þrjár nýjar nefndir : Námsþróunarnefnd, Kennsluskrárnefnd, Ritnefnd Uglu og Lhi.is
- Teymi náms og kennslu: Innleiðing og þróun starfa kennsluþróunarstjóra og akademískra verkefnastjóra undir stjórn aðstoðarrektors náms og kennslu
- Meginmarkmiðið með innleiðingu á störfum akademískra verkefnastjóra er að efla stuðning við kennslustarf deilda s.s móttöku kennara, námsþróun og gæðastarf.
- Starf Kennslunefndar og MA Forum: vettvangur fyrir samtal og þróun náms og kennslu

Áhersla á inngildingu

- samstarfsverkefni með HÍ og HA um nám fyrir fólk með Þroskahömlun
- nýtt verkefni með HA um aukið aðgengi að listnámi
- Almenn Inntökuskilyrði uppfærð: upplýsingaer og aðgangsviðmið deilda skýrð

- Skilgreina framtíðarsýn og kjarna námsleiða - samkvæmt nýrri stefnu LHÍ: Skref í átt að samræmdri námsuppbýggingu og auknu vali. Vinna í deildum og fagráði
- Kennsluþróunarstefna - uppfærð í takt við nýja stefnu LHÍ

Gæði náms

- Gæðaviðmið; ný viðmið frá ráðuneytinu
- Evrópsk viðmið um listmenntun - Calohex
- Kennslurýni og kennslumat – miðannarmat innleitt
- Bætt verklag við Kennsluskrá

Framundan (2025-2026)

- Efla starfsþróun kennara
- Kennslufræðinámskeið: nú einnig frítt fyrir stundakennara sem uppfylla ákveðin skilyrði
- Námskeið í ýmsum kennsluaðferðum opna fyrir kennara LHÍ og aðra í gegnum Opna LHÍ
- Buddy system
- Kennslugúrú deilda
- Samræming stundtöflu og skipulags náms þvert á skólann 5,10,15 Kjarni/val
- Gæðakerfi fyrir hönnun og þróun námsleiða: áframhaldandi þróun
- Þróun gæðamats náms: Ný viðmið frá ráðuneyti og Evrópu
- Kynning og innleiðing á kennslustefnu
 - Rýni á námskmatkerfi (stsðið/fallið)
 - Þróun kennsluaðferða
 - Áhersla á námsmat og endurgjöf og totkun matskvarða
 - Skipulag námskeiða, verkefna og kennslustunda
 - Núvitund í kennslu
 - Fræðsluefni fyrir kennara

KVIKMYNDALISTADEILD

Haustið 2024 hófst þriðja skólaárið við deildina og vorum við þá í fyrsta sinn með þrjá árganga í BA-náminu. Fyrsti árgangurinn hóf lokaárið sitt í náminu og mun útskrifast vorið 2025, en það verður í fyrsta sinn sem nemendur útskrifast með háskólagráðu í kvikmyndagerð frá íslenskum háskóla.

Starfsemi kvikmyndalistadeildar er því um þessar mundir blómleg, með 34 nemendur, 7 starfmenn og kennara, og fjölda stundakennara innanborðs. Við munum fljótlega beina sjónum okkar að því að auka umsvif deildarinnar enn frekar, endurskoða kennsluskrá og leggja drög að MA-námi við deildina, svo eitt-hvað sé nefnt.

Í maí 2024 var Filma, kvikmyndahátíð deildarinnar, haldin í fyrsta sinn, þar sem nemendur sýndu verk sín fyrir fullu húsi í Bíó Paradís.

Nemendur – hápunktar

Í apríl frumsýndu Hanna Hulda Hafþórsdóttir og Steinar Þór Kristinsson, sem voru þá að ljúka fyrsta ári í náminu, verk sín á Stockfish kvikmyndahátíðinni í stuttmyndakeppninni Sprettfiskur.

Í september var annars árs nemunum Steinari Þór Kristinssyni og Telmu Huld Jóhannesdóttur boðið að taka þátt í 35. hátíð Nordisk Panorama í Malmö.

Í september frumsýndu tveir nemendur á þriðja ári, Salvör Bergmann og Vigdís Ósk Howser Harðardóttir, og einn nemandi á öðru ári, Alfreð Hrafn Magnússon, stuttmyndir sínar á RIFF, Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík. Mynd Alfreðs, *Svefngengill*, hlaut verðlaun fyrir bestu stuttmynd í nemendaflokki. Salvör Bergmann hlaut sérstaka viðurkenningu í sama flokki fyrir mynd sína *Leik lokið*.

Á haustönn tóku annars árs nemar þátt í samstarfsverkefni með Fulbright á Íslandi, og gerðu stuttar heimildarmyndir um upplifanir flóttafólks frá Úkraínu á Íslandi. Heimildarstuttmyndirnar voru sýndar í Bíó Paradís í nóvember.

Kennarar – hápunktar

Margverðlaunaði framleiðandinn Heather Millard var ráðin sem aðjúnkt við deildina í ágúst.

Í maí var *Ljósbrott* eftir Rúnar Rúnarsson, sem Heather Millard framleiddi, opnunarmynd Un Certain Regard í Cannes, en stuttmynd þeirra *O (Hringur)*, var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum í september.

Í september var stuttmyndin *1000 orð* opnunarmynd RIFF, en leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar, Erlendur Sveinsson, er aðjúnkt við kvikmyndalistadeild.

Í október kom út bókina *Duna: Saga kvikmyndagerðarkonu, fagævisaga Guðnýjar Halldórsdóttur*, afkastamestu kvikmyndagerðarkonu þjóðarinnar. Guðrún Elsa Bragadóttir, lektor við kvikmyndalistadeild, skrifaði bókina ásamt Kristínu Svövu Tómasdóttur. Bókin er sú fyrsta sem hefur verið skrifuð um íslenska kvikmyndagerðarkonu og er tilnefnd til Fjöruverðlaunanna.

Tengsl við iðnaðinn

Árið 2024 komu eftirfarandi gestir til okkar í meistaraspjall og deildu reynslu sinni og innsýn með nemendum:

Sophia Olsson (kvikmyndatökumaður)

Birgit Guðjónsdóttir (kvikmyndatökumaður)

Baldvin Z (handritshöfundur / leikstjóri / framleiðandi)

Davíð Már Stefánsson (handritshöfundur)

Rúnar Rúnarsson (handritshöfundur / leikstjóri / framleiðandi)

Helena Stefánsdóttir (handritshöfundur / leikstjóri)

Grímur Hákonarson (handritshöfundur / leikstjóri)

Guðný Halldórsdóttir (handritshöfundur / leikstjóri) & Halldór Þorgeirsson (framleiðandi)

Jeon Soo-il (handritshöfundur / leikstjóri)

Á hverju ári fara nemendur okkar í vettvangsferðir til fyrirtækja og stofnana þar sem þau kynnast hagsmunaaðilum í íslensku kvikmyndagerðarumhverfi. Í ár heimsóttu nemendur, eins og fyrri ár, eftirfarandi fyrirtæki og stofnanir:

Bío Paradís
Kvikmyndamiðstöð Íslands
Kvikmyndasafn Íslands
Kukl
Trickshot

Alþjóðlegt samstarf

Deildin er virkur þátttakandi í tveimur svæðisbundnum samstarfsnetum: NordFilm og Nordcil.

NordFilm er samstarfsnet skóla frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum, en því tilheyra 11 skólar. Meðal þess helsta sem NordFilm fæst við er að skapa tækifæri til þátttöku í hraðnámskeiðum (e. express mobility) og skipuleggja Nord Creative Camp, sumarbúðir fyrir nemendur úr aðildarskólunum á strönd Litháen við Eystrasaltið. Fjórir nemendur úr kvikmyndalistadeild sóttu sumarbúðirnar 2024, en það var í fyrsta sinn sem okkar nemendur tóku þátt.

Í apríl hélt deildin árlegan fund NordFilm og tók á móti 15 fulltrúum úr aðildarskólunum, sem sóttu fundi og viðburði sem stóðu yfir í þrjá daga. Fundurinn var skipulagður í samstarfi við kvikmyndahátíðina Stockfish, en meðlimir NordFilm tóku sæti í ýmsum dómnefndum á hátíðinni og tóku þar að auki þátt í pallborðsumræðum um kvikmyndamenntun á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum.

Nordcil er norræna samstarfsnetið, en meðlimir þess hittast reglulega á fjarfundum og að minnsta kosti einu sinni á ári í eigin persónu. Starfsemi Nordcil felst meðal annars í því að setja sameiginleg markmið um nemenda- og kennaraskipti, kennsluskrá, sjálfbærni og áskoranirnar sem fylgja nýrri tækni. Eitt helsta verkefnið árið 2024 var að skipuleggja fyrsta sameiginlega námskeiðið okkar, „Haldið út í kvikmyndaiðnaðinn“ (e. Entering the Industry), sem nemendur og kennarar úr öllum aðildarskólunum munu taka þátt í í Gautaborg í janúar 2025.

Í ár tókum við þátt í nýju sameiginlegu rannsóknarverkefni, Compassion Revolution, sem er haldið úti af Starfsmenntaháskólanum Arcada í Helsinki. Verkefnið gengur út á að rannsaka hlutverk samkenndar í því hvernig við kennum, stjórnum og segjum sögur. Við tókum þátt í fyrsta fundi Compassion Revolution í september á eyjunni Grinda í eyjaklasa Stokkhólms.

Í maí fóru flestir kennarar deildarinnar í rannsóknarferð til Stokkhólms og Kaupmannahafnar og heimsóttu Listaháskólann í Stokkhólmi og Danska kvikmyndaskólann. Þar kynntumst við starfsemi skólanna og fólkinu sem þar vinnur betur, kynntum okkur kennsluskrá kvikmyndagerðarnámsins í þaula og styrktum um leið tengslið við þessa lykilsamstarfsaðila í nágrenni löndum okkar.





SVIÐSLISTADEILD

Sviðslistadeild Listaháskóla Íslands leggur ríka áherslu á skapandi hugsun og tæknilega og fræðilega færni innan sviðslista. Með því að samtvinna listsköpun og fræði eru nemendur hvattir til tilrauna, nýsköpunar og gagnrýnnar nálgunar. Meginmarkmið deildarinnar er að styðja nemendur við að þróa og dýpka listræna færni sína; sameina handverk, gagnrýna hugsun og fræðimennsku við það besta úr samtíma sviðslistum. Útskrifaðir nemendur sviðslistadeildar gegna leiðandi hlutverki innan innlendra og alþjóðlegra sviðslista, sem og á mörgum öðrum sviðum; allt frá flytjendum til fræðimanna, leikhússtjóra, framleiðenda og höfundu.

Nemendur og námsleiðir

Í sviðslistadeild er boðið upp á fjórar námsleiðir: leikaranám, alþjóðlegt samtímadansnám, sviðshöfundanám og meistaranám í sviðslistum. Nám til bakkalárgráðu er þriggja ára nám, 180 ECTS einingar, en nám á meistarastigi er til tveggja ára, 120 ECTS einingar. Inntökupróf er inn á allar námsleiðir deildarinnar. Haustið 2024 hófu 38 nýnemar nám við deildina á öllum brautum og stunda nú um 80 nemendur nám í sviðslistadeild.

Fjölbreyttir viðburðir

Sviðslistadeild stóð á árinu fyrir fjölda viðburða og sýninga sem endurspeglu námið, svo sem kynningum á afrakstri námskeiða, samstarfi námsleiða, einstaklingsverkefnum og lokaverkefnum. Auk þess voru haldnar málstofur um fagleg málefni sviðslista.

Árið 2023 stofnaði sviðslistadeild Praxis, sviðslistaping LHÍ, sem var haldið í fyrsta sinn það ár. Þingið er vettvangur fyrir listrænar tilraunir, þekkingarsköpun og samtal milli fagvettvangsins og háskólasamfélagsins. Þannig er þingið staður fyrir sviðslistasenuuna til að koma saman og deila aðferðum og/eða rannsóknnum, og hugsa saman til framtíðar. Næsta Praxis verður haldið í mars 2025.

Haustið 2024 stóð sviðslistadeild fyrir málstofu um litháíska leikstjóran Rimas Tuminas sem hafði mikil áhrif á þróun íslenskra sviðslista við lok 20. aldar. Fyrrum samstarfsmenn Rimasar, leikarar og gagnrýnendur komu saman í málstofunni og sögðu frá verkum hans og vinnuaðferðum.

Í nóvember 2024 hélt finnsk-kamerúnska sviðslistakonan og danshöfundurinn Sonya Lindfors opinn fyrirlestur í sviðslistadeild í tengslum við Reykjavík Dance Festival en hún kenndi auk þess BA nemendum í samtímadansi.

Alþjóðlegt samstarf í fararbroddi

Alþjóðlegt samstarf er mikilvægur liður í starfi sviðslistadeildar og fjölmargir erlendir gestakennarar koma að kennslu nemenda. Sviðslistadeild er virkur þátttakandi í Alexandria Nova, samstarfsneti um menntun leikstjóra og aðferðafræði, og fóru kennarar og sex nemendur á ólík námskeið og viðburði á vegum samstarfsnetsins á síðasta ári. Sviðslistadeild er einnig þátttakandi í Norteas, samstarfsneti sviðslistadeilda og -skóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltinu. Deildarforseti og starfsfólk LHÍ tóku þátt í aðalfundi Norteas í Litháen, og sóttu auk þess námskeið á vegum netsins ætluð sviðslistakennurum. Fagstjóri samtímadansbrautar var að auki þátttakandi í Icehot Nordic Dance Platform í Osló.

Sviðslistadeild er í samstarfi við Ballet Merveilles de Guinée í Gíneu, og í byrjun árs 2024 fór hópur nemenda og kennara til Gíneu í tvær vikur og tók þar þátt í námskeiðum og verkefnum. Í ágúst 2024 kom svo hópur frá Ballet Merveilles de Guinée til Íslands og kenndi nemendum samtímadansbrautar sínar aðferðir. Verkefninu lauk svo með ferð nemenda og kennara til Gíneu í janúar 2025.

Vorið 2024 heimsóttu fulltrúar frá menningarmálaráðuneyti Möltu sviðslistadeild og LHÍ með það að markmiði að fræðast um uppbyggingu deildarinnar og Listaháskólans í heild. Einnig heimsóttu deildina deildarforsetar sviðslista- og dansbrauta KHIO háskólans í Osló ásamt raddkennara með það fyrir augum að kynna sér uppbyggingu náms og stofna til frekara samstarfs.

Nemendur sviðslistadeildar eru dugleg við að sækja sér starfsnám erlendis og voru nemendur af samtímadansbraut til dæmis í starfsnámi haustið 2024 hjá dansflokkunum Carte Blanche og Cullberg, sem og í Nye Teater, Norsku óperunni, og Edward Munch safninu, og hjá listafólki í Brussel, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi.

Nemendur sviðslistadeildar á meistarastigi og kennarar eru þátttakendur í samstarfsverkefni Intersectional Pedagogies með Malmö Theatre Academy og Norwegian Theatre Academy en verkefnið snýr að því að skoða, þróa og deila aðferðum samvinnunar milli þessara þriggja stofnana og markmiðið er að bregðast við auknum fjölbreytileika nemenda og hugsa saman til framtíðar um tækifæri til að auka aðgengi að sviðslistanámi.

Tengsl við fagvettvang

Sviðslistadeild Listaháskólans er í miklu samstarfi við fagvettvang sviðslista. Deildin á í góðum tengslum við grasrót íslenskra sviðslista og er einnig í samstarfi við helstu sviðslistastofnanir og hátíðir í landinu eins og Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið, Leikfélag Akureyrar, Útvarpsleikhúsið, Íslenska dansflokkinn, Nýlistasafnið og Reykjavík Dance Festival. Sem dæmi má nefna að einn nemandi leikarabrotar var í starfsnámi hjá Leikfélagi Akureyrar haustið 2024 en það er í fyrsta sinn sem nemandi á leikarabrot býðst að fara í starfsnám og er þessi þróun hluti af framtíðarsýn deildarinnar um að auka sveigjanleika í leikaranámi. Jafnframt voru átta nemendur af sviðshöfundabrot í starfsnámi í Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu haustið 2024, og fjórir í starfsnámi hjá sjálfstætt starfandi sviðslistafólki á Íslandi. Sviðslistadeild gerði jafnframt samstarfssamning við Borgarleikhúsið um raddþjálfun leikara og útskriftarverkefni sviðshöfunda og við Þjóðleikhúsið um útskriftarverkefni leikara. Tveir meistaranemar við deildina voru þátttakendur í Kvennaspor, rannsóknarverkefni á vegum Árnastofnunar, styrkt af Rannís, sem miðar að því að skapa nýja þekkingu um konur og stöðu þeirra í hinu íslenska landslagi.

Núverandi og útskrifaðir nemendur sviðslistadeildar tóku sig saman sumarið 2024 og stofnuðu sjálfstæða leikhúsið Afturámóti í Háskólabíói, þar sýndu þau bæði útskriftarverkefni sín og önnur verkefni sem unnin höfðu verið innan veggja skólans við góðar viðtökur. Einnig tóku nýútskrifaðir nemendur af alþjóðlegri samtímadansbraut sig til og ferðuðust með útskriftarverkefni sín á hátíðir og í leikhús á hinum Norðurlöndunum.

Starfsfólk og kennarar

Í sviðslistadeild starfar fjölbreyttur hópur fastráðins starfsfólks og stundakennara úr faginu, jafnt innlendra sem erlendra. Utanaðkomandi fagaðilar eru valdir í hlutverk prófdómara við hverja útskrift, gjarnan leiðandi fagaðilar sem ekki hafa kennt þeim nemendahópi sem er að útskrifast og veita þannig einstakt tækifæri til endurgjafar þar sem útskriftarsýningar eru sýndar á opinberum vettvangi. Starfsfólk sviðslistadeildar eru virkir þátttakendur á fagvettvangi sviðslista með listsköpun sinni og rannsóknum. Hafa þau á undanförunu ári haldið kynningar og fyrirlestra um rannsóknir sínar, tekið þátt í umræðum á opinberum vettvangi og hlotið viðurkenningar og styrki fyrir listaverk sín.

TÓNLISTARDEILD

Hlutverk tónlistardeildar er að mennta tónlistarfólk og undirbúa fyrir störf í tónlist á breiðum grundvelli. Markmiðið er að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð, auki við þekkingu sína og færni og rækti sjálfa sig sem sjálfstæða listamenn.

Nemendur

Árinu 2024 var boðið var upp á nám á átta námsleiðum á bakkalárstigi (klassískum hljóðfæraleik, klassískum söng, kirkjutónlist, hljóðfæratónsmíðum, nýmiðlatónsmíðum, klassískri hljóðfæra- og söngkennslu, rytmískri hljóðfæra- og söngkennslu, og skapandi tónlistarmiðlun) og tvær námsleiðir á meistara- stigi: tónsmíðar og NAIP (evrópskt meistaranám í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi). Heildarfjöldi útskrifta var 47. Metaðsókn var í deildina um vorið (112 umsóknir), en tilkynnt hafði verið, í miðju umsóknarferli, að skólagjöld yrðu felld niður frá og með haustinu. Alls voru teknir inn 65 nýir nemendur um haust.

Úr skólastarfinu

Skipulagsbreytingum á bakkalárstigi deildarinnar héldu áfram. Þegar hafði verið ákveðið að leggja niður þrjár námsleiðir: klassíska hljóðfæra- og söngkennslu; rytmíska hljóðfæra- og söngkennslu; og skapandi tónlistarmiðlun, með það að markmiði að einfalda námsframboðið, gera það skýrara og auka þannig gæði námsins. Námsleiðirnar þóttu t.d. of líkar, en athugasemdir höfðu m.a. borist frá erlendum matsaðilum þess efnis. Vinna í starfshópum frestaðist um tíma þar sem þess var óskað að fá fleiri að borðinu, m.a. gegnum aukið samtal við fag- og hagaðila sem og starfsmenn deildarinnar auk nemenda. Deildarforseti, sviðsforseti og verkefnastjóri Opna Listaháskólans sóttu t.d. svæðisþing tónlistarskólanna sem haldin voru víðs vegar um landið, en spurningar höfðu vaknað varðandi framtíð menntunar hljóðfærakennara.

Í október og nóvember vann alþjóðlegur starfshópur að mótun nýrrar námsleiðar; rytmíks flytjendanáms sem kallast Tónlist Nýsköpun Tækni. Hér er nýlunda á ferð í tónlistarmenntun á Íslandi en námsleiðin er sú fyrsta sem mun mennta flytjendur á þessu sviði (B.Mus) en kjörsvið eru djass; popp/rokk; laga- og textasmíðar; og rytmísk hljóðlist. Kennsla hefst haustið 2025, en vinnu í faghópum innan deildarinnar hvað tónsmíðar og klassískt flytjendanám varðar var haldið áfram fram yfir á yfirstandandi ár. Stefnt er á að haustið 2026 verði nýtt heildarskipulag bakkalárnámsins tilbúið.

Húsnæðismál voru enn ofarlega á baugi, t.d. mál sem snúa að loftgæðum sem og þeim umfangsmikla leka á einni hæðinni sem óneitanlega setti mark sitt á alla vinnu í deildinni. Úrbætur voru þó ávallt í sjónmáli sem auðveldaði að takast á við ofangreint. Tækjakostur var endurnýjaður að nokkru marki í lok ársins, en það er stefna deildarinnar að bjóða upp á nám sem stenst allar kröfur hvað tækni og nýsköpun varðar.

Helstu verkefni og viðburðir

Af innlendum vettvangi má nefna fasta liði eins og Gleym-mér-ei, tónleikaröð klassísku söngnámsleiðarinnar, en það er röð stuttra hádegistónleika á Kjarvalsstöðum sem opnir eru almenningi, endurgjalds-laust, sem hlotið hefur mjög jákvæðar móttökur. Þá réðst söngdeildin í það stórvirki að setja upp Leðurblökuna, óperu eftir Johann Strauss, í Dynjanda, sviðsetningu sem bar hróður klassíska söngsins í LHÍ enn víðar.

Útskriftarhátíð bakkalárnema deildarinnar fór að þessu sinni fram í viðburðasal Grósku í Vatnsmýri. Það var gjöfult samstarf sem mæltist vel fyrir enda umgjörðin falleg og hljóðburður og aðstaða öll til fyrirmyndar. Meistaraneimar í tónsmíðum héldu þó útskriftartónleika sína að venju í Kaldalóni í Hörpu, nokkuð sem er til eftirbreytni fyrir báða aðila – Hörpu og LHÍ – enda eðlilegt að nemendur á hæstu námsstigum í tónlist á Íslandi fái verk sín flutt við bestu aðstæður. Ómkvörnin, brautartónleikar bakkalárnema í tónsmíðum, færði út kvíarnar og bauðst öllum nemendum deildarinnar að flytja tónverk sín og lög á hátíðinni í lok haustannar. Var það eðli málsins samkvæmt fjölbreyttur gjörningur og stemmning sérlega góð.

Rytmísk kvöld voru haldin reglulega í Stúdentakjallaranum þar sem samspilssveitir rytmíska kennaranámsins fengu þjálfun í að koma fram við aðstæður sem samræmast hefðum þess geira tónlistar. Fjöldmenni er jafnan á þessum kvöldum, stúdentar sem og aðrir unnendur rytmískrar tónlistar. Korda, hljómsveit sem stjórnað er af Sigrúnu Griffiths og snýst um að virkja fólk sem hefur af ýmsum ástæðum ekki átt beinan aðgang að tónlistar-menntun, kom fram á glæsilegum uppskerutónleikum í Hörpu um vorið.

Af öðrum innlendum verkefnum má nefna Upptaktinn, tónsmíðaverkefni ungmenna sem rekið er í samstarfi mennta- og barnamálaráðuneytisins og LHÍ, og Ungir einleikarar, keppni hljóðfæraleikara og söngvara í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hápunktur keppinnar var að venju tónleikar þar sem sigurvegarar komu fram sem einleikarar ásamt hljómsveitinni. Ekki þarf að tíunda mikilvægi slíks fyrir ungt tónlistarfólk á frama-braut. Nemendur og kennarar tónlistardeildar tóku einnig þátt í Myrkum músíkdögum í janúar en unnið var áfram að því að formgera samstarf tónlistardeildar við hátíðina með það að markmiði að auka framlag deildarinnar á vettvangi samtímatónlistar. Á sama tíma var lagður grunnur að formlegra samstarfi við Sinfóníuhljómsveitina, ekki síst með tónsmíðanemendur í huga.

Á haustönn var formlegri fyrirlestra- og viðburðaröð ýtt úr vor, en tekinn hafði verið frá tími á föstudögum frá 12:15-13:00 þvert á námsleiðir, til að nemendur og kennarar gætu sótt viðburðina. Röðin kallast Samhengi og byggir á þremur meginstoðum: rannsókn- og kennslufræðimiðuðum fyrirlestrum; heimsóknum frá leiðandi hljóðfæraleikurum og söngvurum (sk. lecture/recitals); og málstofum tónsmíða þar sem tónskáld í fremstu röð innlend sem erlend kynna verk sín. Þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir, en Samhengi kemur í stað sk. föstudagsfyrirlestra sem haldnir höfðu verið með lengra og óreglulegra millibili fram að því.

Af erlendum vettvangi var af mörgu að taka. Deildarforseti og sviðsforseti hafa unnið náið með ANMA (samtökum stjórnenda tónlistarháskóla á Norðurlöndum); ELIA (samtökum evrópskra listaháskóla); og AEC (samtökum stofnana á sviði tónlistar á háskólastigi í Evrópu, Bandaríkjunum og Suðaustur-Asíu). Hér er um að ræða verðmætar tengingar út í alþjóðasamfélagið. Eitt slíkt dæmi er ARTEMIS Cluster, hópur átta evrópskra stofnana, þ. á m. tónlistardeildar, vettvangur þar sem saman koma stjórnendur til að skiptast á hugmyndum og veita hverjum öðrum aðhald í tengslum við skipulagsbreytingar og framtíðarþróun náms.

Tónlistardeildin er samstarfsaðili að fjölmörgum alþjóðlegum samstarfsverkefnum og ánægjulegt er að geta þess að deildin hefur sérstöðu innan Listaháskólans hvað árangur varðar í fjölda styrkja gegnum Erasmus og aðra evrópska samvinnusjóði. Má þar nefna samstarfsverkefni tengt rytmíska náminu þar sem í hlut eiga tónlistarháskólinn í Árósum og tónlistardeild LHÍ. Auk þess má nefna í þessu samhengi Crossing Keyboards, samstarf klassískra píanónemenda og kennara við fjölda erlendra tónlistarháskólana (hvortveggja meistaranámskeið og tónleikar í öllum hlutaðeigandi löndum) og sambærileg verkefni kringum sellónemendur og blásara.

Á vettvangi rannsókna var stefnan áfram að auka verulega hlut akademískra starfsmanna á næstu árum. Jákvæð teikn eru á lofti en geta má þess að kennarar við deildina hafa þegar styrkt stöðu sína í rannsókn-umhverfinu með betri árangri í samkeppnissjóðum.





ARKITEKTÚRDEILD

Fimm ára nám í arkitektúr við Listaháskóla Íslands er helgað rannsóknum á merkingu, umfangi og hlutverki arkitektúrs í samfélaginu. Það gerum við með því að veita nemendum þá þekkingu, færni og hugarfar sem nauðsynleg er til að verða gagnrýnir og umhyggjusamir fagmenn sem geta tengst hver öðrum í fjölbreyttu nútímasamfélagi. Við notum Ísland og einstakt samhengi þess sem rannsóknarstofu okkar til arkitektúr-rannsókna án þess að gleyma því að hver staður er hluti af heiminum. Saman stefna nemendur og kennarar að því að byggja upp sterkt samfélag þar sem þeir kanna þá undursamlegu möguleika sem svið arkitektúrs getur skapað.

Þetta samfélag samanstendur af 74 nemendum, (48 eru í BArch-námi og 26 í meistaranámi), fimm fastráðnum kennurum og 65 sérfræðingum á mismunandi fræðasviðum sem öll hafa lagt mikið af mörkum til námsumhverfis deildarinnar. Þrjátíu og tvær þeirra eru konur og sex erlendir gestaprófessorar.

Arkitektúrdeild hefur verið virk í samfélaginu og skipulagði eftirfarandi meginviðburði árið 2024:

Fyrirlestrar:

Sjö opnir fyrirlestrar haldnir af heimsklassa sérfræðingum.

“Outdoor Thermal Comfort in Urban Public Spaces”

Fyrirlestraröð Tong Ma, PhD gestaprófessor frá Beijing University of Technology.

“Digital Reconstruction of the Architectural Heritage, from Bam Citadel to Notre Dame Cathedral Paris”

Sahar Ghaderi, PhD.

“A fish’s eye view on architecture”

Andres Tavares.

“Recent Works”

Iwo Borkowicz.

“Feneyarskráin 60 ára, 1964-2024”

María Gísladóttir og Alma Sigðurðardóttir

“Open class”

Pierre David, Sahar Ghaderi and Karl Kvaran.

Sýningar:

11 sýningar skipulagðar innan og utan veggja Listaháskóla Íslands.

“Draumarýmið”

Nemendur á öðru ári í Arkitektúr

“Hafnatorg Campus”

Nemendur á öðru ári í Arkitektúr, Grafískri hönnun og Vöruhönnun.

“Sambúð”

Fyrsta árs nemar í Arkitektúr

“Bygging í Mótun”

Nemendur á öðru ári í Arkitektúr

“Strategit Assemblies”

Nemendur á fjórða ári í Arkitektúr

“Myndun/Formation”

Nemendur á fjórða ári í Arkitektúr

“Kjartan Sveinsson: Íslensk blokk exhibition”

Nemendur á fimmta ári í arkitektúr

“Sekvensar”

Nemendur á fyrsta ári í arkitektúr

“ Sandur og sjór – Byggð á tómmótun”

Nemendur á þriðja ári í Arkitektúr

“Urban Lab”

Nemendur á öðru ári í Arkitektúr

“Umbreytingar- Tækifæri bygginga í Háteigshverfi”

Nemendur á fjórða ári í Arkitektúr

Live Projects

“Katla Sjósundskýli”

Samstarf fyrsta árs nema í Arkitektúr við Reykjavíkurborg.

Útskriftarverkefni

“Glitský / Iridescence”

B.Arch Third Year Bachelor Projects. B.Arch útskriftarsýning arkitektúr

“Architectures for Care”

M.Arch Master Thesis. Útskriftarsýning M.Arch

HÖNNUNARDEILD

Hlutverk hönnunardeildar er að mennta og undirbúa nýjar kynslóðir hönnuða til að starfa á sínu fagsviði. Námið byggir á faglegum grunni hönnunargreinanna, en lögð er áhersla á að efla nemendur sem sjálfstæða og greinandi gerendur með skýra rödd og ábyrgð gagnvart samfélagi og umhverfi. Í náminu þjálfast nemendur í að beita hönnunaraðferðum og listrannsóknum til að takast á við áskoranir samtímans, bæði sem einstaklingar og í samstarfi við aðra, þar á meðal stofnanir, félög og fyrirtæki.

Við deildina eru þrjár námsleiðir á BA-stigi: fatahönnun, grafísk hönnun og vöruhönnun, ásamt alþjóðlegu meistaranámi, MA Design and New Environments.

Á árinu 2024 voru nemendur, ásamt skiptinum, 135 talsins. Alls útskrifuðust fjörutíu og tveir nemendur úr deildinni. Við deildina störfuðu fimmtán fastráðnir kennarar í tíu og hálfu stöðugildi auk deildarforseta, starfsfólks, stundakennara og fjölbreytts hóps gestakennara bæði innlendra og erlendra. Ráðið var í tvær akademískar stöður að vori, aðra í námsleið meistaranáms og hina í námsleið vöruhönnunar.

Námsþróun og gæðamat

Helsta verkefni deildar á vorönn, fyrir utan hefðbundið skólastarf var að meta gæði náms á BA-stigi. Gæðamatfelur í sér reglubundna endurskoðun náms og tryggir að námsframboð við Listaháskólann sé í stöðugri þróun, að þörfum nemenda sé mætt og að tekið sé mið af þróun fagvettvangs og nýjustu rannsóknum á viðkomandi sviði. Gæðamat námsleiða fer fram á fimm ára fresti. Á haustönn var unnið úr niðurstöðum gæðamats með ritun nýrrar kennsluskrár sem tekin verður í gagn við haustið 2025.

Námsumhverfi og þróun námsleiða

Síðastliðið vor var starfsemi Listaháskólans flutt úr Þverholti og hóf hönnunardeild starfsemi í ágúst í Stakkahlíð og í Laugarnesi. Metfjöldi umsókna um nám í hönnun barst á árinu í kjölfar niðurfellinga skólagjalda en fjöldi umsókna í deildina hefur, burtséð frá því, aukist jafnt og þétt síðustu ár. Alþjóðlegri meistaranámsleið í hönnun (MA Design and New Environments), sem ýtt var úr vör haustið 2023, bárust fjölmargar umsóknir og hófu fjórtán nýnemar, víðsvegar að úr heiminum, nám á haustönn. Námið, sem er til 120 eininga og tveggja ára, var sett upp til að skapa hérlandan vettvang á sviði hönnunar þar sem tekist er á við þær hröðu umbreytingar sem eiga sér stað á heimsvísu í samfélagi, tækni, menningu og umhverfi. Námið sameinar ólíkar aðferðir rannsókna og hönnunar og á í öfluglu samstarfi út á við, meðal annars með sex vikna starfsnámi sem nemendur sækja sér hjá framsæknum fyrirtækjum og stofnunum.

Viðburðir og nemendaverkefni

Af fjölbreyttum verkefnum og viðburðum deildarinnar má nefna nokkur sérstaklega.

Arkitektinn og hönnuðurinn Iwo Borkowicz frá Póllandi kom sem gestakennari í vöruhönnun. Í verkefni undir hans stjórn unnu nemendur með staðbundin efni og inngrip í umhverfi Esju. Afrakstur verkefnisins var sýndur á HönnunarMars og fór sýningin fram í Esjuhlíðum í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur. Þá unnu nemendur í vöruhönnun að spennandi framtíðarsýn fyrir íslenska matvöruverslun í samstarfi við Krónuna. Verkefnið fól í sér þróun hugmynda að matvöruverslun framtíðar og var afrakstur þess sýndur á HönnunarMars.

Fatahönnuðurinn Stina Resting frá Danmörku, sem sérhæfir sig í sjálfbærri fatahönnun og endurvinnslu í tísku, heimsótti deildina sem gestakennari í fatahönnun og kynnti nemendur fyrir sjálfbærum aðferðum í vinnu með textíl. Misbrigði, samstarfsverkefni fatahönnunar og Fatasöfnunar Rauða krossins, fagnaði 10 ára afmæli. Að venju var haldin tískusýning á verkum nemenda síðla hausts, en í tilefni afmælissársins var einnig sett upp yfirlitssýning á verkum nemenda síðasta áratugar. Að auki var blásið til málþings og vinnusmiðja í Norræna húsinu, í samstarfi við Umhverfisstofnun, undir yfirskriftinni *Tíska og umhverfi*. Tískusýning útskriftarnema, sem er hluti af útskriftarhátíð Listaháskólans, var haldin í Hörpu í lok apríl á HönnunarMars. Metaðsókn var á sýninguna en áhorfendur voru um 550 talsins.

Loks, líkt og undanfarin ár, tók námsleið fatahönnunar þátt í alþjóðlegu samstarfsverkefni og samkeppni virtra listaháskóla með Balenciaga-safninu í Getaria á Spáni. Nemendur fóru í námsferð til safnsins, þar sem þau kynntust verkum meistarans Cristóbal Balenciaga. Í kjölfarið unnu þau fatalínu innblásna af verkum hans og kepptu um

Þátttöku í sýningu safnsins. Ferðin var styrkt af Erasmus+ áætluninni.

Nemendur í grafískri hönnun hlutu einnig Erasmus+ styrk til að sækja starfsnám á hönnunarstofu í París undir leiðsögn Fraser Muggeridge, gestaprófessors við hönnunardeildina. Á meðal annarra verkefna í grafískri hönnun var árleg útgáfa bókarinnar *Farvegir og Form*, þar sem nemendur á 3. ári sjá um útgáfu eigin verkefna undir leiðsögn akademískra starfsmanna.

BA-sýning útskriftarnema í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi fór fram í maí og bar yfirskriftina *Glitský*. Sýningarstjórar voru akademískir starfsmenn deildarinnar, Rúna Thors, Adam Flint Taylor og Ragna Bjarnadóttir.

Alþjóðlegt samstarf og rannsóknaverkefni

Hönnunardeild LHÍ tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi í gegnum netsamtökin CIRRUS (norrænt-baltneskt net lista- og hönnunarháskóla), Cumulus (alþjóðleg samtök háskólamenntunar og rannsókna á sviði lista og hönnunar) og ELIA(samtök evrópskra listaháskóla). Að auki á deildin aðild að Erasmus+ áætluninni, sem styður við samstarfsverkefni og skiptinám með háskólum víða um heim.

Á árinu 2024 fóru sjöttíu og tveir nemendur Listaháskólans erlendis í starfsnám og/eða styttri námskeið með Short Mobility Erasmus+ styrkjum, þar af fimmtíu og tveir nemendur úr hönnunardeild úr öllum námsleiðum.

Úr alþjóðlega samstarfinu ber hæst að á árinu hlaut hönnunardeild, í samstarfi við sex evrópska listaháskóla og ELIA, 400.000 evra styrk úr Erasmus+ áætluninni til þriggja ára fyrir verkefnið *Climate Truth Crisis – Loftslagskrísa í upplýsingaóreiðu*. Verkefnið miðar að því að þróa aðferðir og kennsluefni í sjónrænni miðlun til að efla upplýsingalæsi og gagnrýna greiningu upplýsinga. Nemendur og kennarar frá sjö listaháskólum, ásamt sérfræðingum á sviði loftslagsbreytinga og sjálfbærni taka þátt í verkefninu og þróa á tímabilinu útgáfu í þrem miðlum; á vef, í bók og hlaðvarpi. *Climate Truth Crisis* svarar þörfinni fyrir dýpri skilningi á skautun, bergmálshellum og upplýsingaóreiðu í samtímanum. Verkefnið er sjálfstætt framhald af verkefninu *Plastic Justice*, sem fjallaði um örplast í hafinu og hefur verkefnið vakið athygli á alþjóðlegum vettvangi.

Annað alþjóðlegt verkefni deildarinnar er *Beyond E-Textiles*, sem akademískir starfsmenn hönnunardeildar vinna að í samstarfi við norræna háskóla. Verkefnið miðar að þróun og nýsköpun í textílefnunum þar sem efnaverkfræðingar, textíilverkfræðingar og hönnuðir vinna saman að efnum sem bregðast við umhverfisþáttuym, svo sem hita, ljósi og útfjólublárrí geislun.

MYNDLISTARDEILD

Nám við myndlistardeild veitir nemendum tækifæri til þess að kanna fjölbreyttar aðferðir við listsköpun og rannsóknir í vinnustofum, fræðanámi og á verkstæðum. Nemendur í BA námi fara í gegnum námskeið sem byggja undir grunnþekkingu á aðferðum og nálgun í myndlist og hafa á námstímanum kost á því að velja sér námskeið sem leggja sérstaka áherslu á tímatengda-, tvívíða- og þrívíða miðla. Í gegnum námið eru nemendur hvattir til skapandi og gagnrýnnar sjálfstæðrar hugsunar sem skilar sér með markvissri framsetningu á verkum og skilningi á marglaga samhengi hluta í samtímanum.

Sýningarverkefni

Nemendur á fyrsta ári í MA námi í myndlist unnu að samsýningu í Verksmiðjunni á Hjalteyri um haustið, og sýningunni Kveikjupræðir í lok haustannar, en að vori vinna þau að sýningu í opinberu rými í Grasagarði Reykjavíkur í samstarfi við MA nema í sýningagerð við myndlistardeild Listaháskólans og Háskóla Íslands. MA nemendur á 2 ári settu upp einkasýningar í galleríum deildarinnar í byrjun vorannar. BA nemendur settu upp samsýningar um vorið við lok valnámskeiða (1. og 2. ár), í lok vorannar (opið hús 1. og 2. ár). Við lok haustannar settu 2. árs nemendur upp sýningu á Korpúlfsstöðum. Nemendur á 3. ári setja upp einkasýningar á haustönn í þremur galleríum deildarinnar, Naflanum, Huldulandi og Kubbi. Meistaraneimandi í sýningagerð setti upp útskriftarverkefni sitt á opinberum vettvangi í Elliðaárstöð. Útskriftarsýning BA nemenda í myndlist var haldin í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi og MA nemendur sýndu í Nýlistasafninu.

Starfsfólk myndlistardeildar 2024

BA nám í myndlist: Carl Boutard (dósent og fagstjóri), Ólöf Nordal (prófessor og fagstjóri), Páll Haukur Björnsson (lektor og fagstjóri), Sirra Sigrún Sigurðardóttir (dósent og fagstjóri).

MA nám í myndlist: Bryndís Snæbjörnsdóttir (prófessor og fagstjóri), Hildur Bjarnadóttir (prófessor, fagstjóri frá haustönn). Brigid McLeer, gestaprófessor á haustönn.

MA nám í sýningagerð: Hanna Styrnisdóttir (prófessor).

Fræði myndlistar: Jóhannes Dagsson (dósent og fagstjóri á BA og MA stigi, starfandi deildarforseti á haustönn), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (prófessor).

Deildarforseti: Bjarki Bragason (í rannsóknarleyfi haustönn 2024)

Deildarfulltrúi: Guðrún Lárusdóttir

Auk fastráðins starfsfólks kemur fjöldi stundakennara að kennslu. Stundakennarar eru starfandi sérfræðingar á sviði myndlistar og öðrum fögum.

Nýtt rannsóknarnám í listum og listfræði

Ráðið hefur verið í tvær stöður doktorsnema í tengslum við nýtt rannsóknarnám í listum og listfræði á vegum Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Listasafns Íslands. Það eru þær Berglind Jóna Hlynsdóttir og Sigríður Regína Sigurþórsdóttir sem hlutu ráðningu og munu rannsóknir þeirra beinast að tímatengdum miðlum, verkum úr safneign Listasafns Íslands. Leiðbeinandi Berglindar er Bryndís Snæbjörnsdóttir, prófessor við myndlistardeild.

Fyrirlestraröð myndlistardeildar árið 2024

Opnir hádegisfyrirlestar við myndlistardeild eru mikilvægur þáttur í að viðhalda samtali við fagvettvang myndlistar og kynna nálganir og aðferðir fjölbreyttra myndlistarmanna fyrir nemendum og almenningi. Mæting á hádegisfyrirlestra er hluti af námskeiðinu *Samræður* fyrir BA nemendur og hefur það fest í sessi þá menningu að fyrirlestraröðin er vel sótt.

Vorönn

Nabil Ahmed

Gjörningaklúbburinn: Eirún Sigurðardóttir og Jóní Jónsdóttir

Haraldur Jónsson

Ilana Harperin

Hulda Rós Guðnadóttir

Nadja Kracunovic og Rand Ibrahim

Haustönn

Ásta Fanney
Odee
Callum Innes
Kelly Jazvak
Arna Óttarsdóttir
Amanda Rizzo

Samstarf við fagvettvang myndlistar

Myndlistardeild er aðili að fjölbreyttu samstarfi og situr starfsfólk í ýmsum ráðum og nefndum utan skólans og sinnir trúnaðarstörfum á fagvettvangi myndlistar, rannsókna og vísinda innan lands og utan.

Íslensku myndlistarverðlaunin 2024

Myndlistardeild skipar árlega aðila í dómnefnd íslensku myndlistarverðlaunanna.

Umræðupræðir / Talk Series

Umræðupræðir er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur, Listaháskóla Íslands, og Myndlistarmiðstöðvar. Gestir í Umræðupráðum koma að starfi myndlistardeildar með ýmsum hætti, í vinnustofuheimsóknum, fyrirlestrum eða málstofum. Á liðnu ári voru Sabeth Buchmann og Fabrice Hyber gestir Umræðupráða.

Tímaritið Myndlist á Íslandi: 4. tölublað

Myndlistarráð, Myndlistarmiðstöð, Samband Íslenskra Myndlistarmanna, Myndlistardeild LHÍ og Listfræðafélag Íslands standa að útgáfu tímarits um myndlist, sem kemur út árlega við tilefni veitingu Myndlistarverðlaunanna. Starfsfólk myndlistardeildar voru meðal þátttakenda í efnisgerð fyrir tímaritið og ritstjórn greina.

Samstarf við söfn og sýningarstaði

Listasafn Reykjavíkur, Nýlistasafnið, Kling og Bang, Verksmiðjan á Hjalteyri, Skaftfell, Verksmiðjan á Stöðvarfirði, Listasafn Reykjanesbæjar, SÍM

Alþjóðlegt samstarf**Erasmus**

Árið 2023 tók myndlistardeild á móti einum skiptinema á MA stigi sem vann sjálfstætt rannsóknarverkefni undir handleiðslu kennara og því ekki formlega hluti af nemendahópnum. Slík skipti geta verið spennandi kostur fyrir MA nema sem alla jafna sækja síður í skiptináms í heila önn. Kennarar myndlistardeildar fóru sum hver í skiptiverkefni erlendis á árinu, bæði í heimsóknir og gestakennslu.

KUNO verkefni í myndlistardeild 2024: ársfundur 9-12 október

KUNO samstarfsnet listaháskóla á Norðurlöndum og Eystrasalti hefur Academy without walls / Akademía án veggja sem kjörorð sitt. Stjórn KUNO situr til fjögurra ára og er Bjarki Bragason deildarforseti stjórnarmaður frá haustinu 2022. Ársfundur KUNO var haldinn í myndlistardeild þetta árið og sóttu um 60 fulltrúar frá öllum samstarfsskólum fundinn. Áhersla fundarins var að vera samtalsvettvangur og hvetja til meira samstarfs í netinu. Starfsfólk myndlistardeildar skipulagði dagskrá fundarins og mótaði málstofur sem sneru að kennsluskár þróunar, alþjóðlegum samstarfsverkefnum, kennslu í listasögu og listfræðum, vinnustofunnar sem rymis og yfirferðarinnar sem kennsluforms.

LISTKENNSLUDEILD

Meginhlutverk listkennsludeildar er að mennta listkennara til starfa fyrir öll skólastig. Fastráðnir starfsmenn deildarinnar voru sjö í sjö stöðugildum. Auk reglubundins náms og kennslu tekur listkennsludeild átt í fjölbreyttum alþjóðlegum og innlendum samstarfsverkefnum. Fjöldi umsókna í deildina jókst allverulega í kjölfar þess að skólagjöld voru felld niður.

Helstu verkefni, rannsóknir og samstarf

Ný meistaranámslína

Meistaránámsleiðin Listir og velferð hóf göngu sína haustið 2024. Markmiðið með náminu er að fjölga snertiflötum við samfélagið og auka aðgengi og þátttöka ólíkra hópa í listtengdum verkefnum og viðburðum. Áhersla er á að þróa nýjar leiðir í þverfaglegri samvinnu stofnana, félagasamtaka og listamanna í störfum sem fara fram við sibreytilegar aðstæður með fjölbreyttum hópi einstaklinga. Stofnun námsbrautarinnar má rekja þróunarstyrkja frá Erasmus+ áætluninni í samstarfi við University of Porto, University of Alicante, University of Hertfordshire, Academy of Fine Arts in Munich, Metropolia University of Applied Sciences in Helsinki, and AEC (The Association Européenne des Conservatoires, Académies de Musique et Musikhochschulen).

Listalestin

Síðastliðin sjö ár hefur deildin verið í samstarfi við List fyrir alla, sem er barnamenningarverkefni á forræði Menningar- og viðskiptaráðuneytisins. Verkefnið ber heitið Listalest Listaháskóla Íslands. Samstarfið felur í sér að nemendur deildarinnar skipuleggja þverfaglegar vinnusmiðjur fyrir unglinga í skólum á landsbyggðinni, fara á staðinn og vinna með nemendum í 2–3 daga og setja upp sýningu. Frá 2020 voru verkefnið gerð aðgengileg á vef List fyrir alla og eru þar í gagnabanka sem kennarar á öllu landinu geta nýtt sér í kennslu. Sjá hér: <https://veita.listfyriralla.is/listalestin/>. Vorið 2024 var gerð heimildarmynd um heimsókn Listalestarinnar á Hvolsvöll, leikstjóri Hallur Örn Arnarson.

Hér er hlekkur á myndina: <https://vimeo.com/1049374586/c2a29ec6a7?ts=0&share=copy>

List fyrir alla hefur einnig verið hluti af Erasmus+ samstarfsverkefninu The WOW Experience þar sem unnið var að því að efla hlut nemenda í vali á, og skipulagningu listviðburða í skólum. Hópurinn hlaut framhaldsstyrk vorið 2024. Kristín Valsdóttir dósent er tengiliður og þátttakandi í verkefninu sem rannsakandi.

Samstarf við Háskólann á Akureyri

Árið 2021 var undirritaður samningur milli Listaháskólans og Háskólans á Akureyri sem kvað á um umsjón listkennsludeildar og kennslu tveggja námskeiða í listgreinum við kennaradeild HA. Kennsla og útfærsla námskeiðanna hefur tekist mjög vel að mati allra aðila. Stefnt er á áframhaldandi samvinnu háskólanna með endurnýjun samningsins á vordögum 2025.

Birkivist

Listkennsludeild tekur þátt í samstarfsverkefninu Birkivist ásamt námsbraut í vöruhönnun. Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, dósent við listkennsludeild leiðir verkefnið innan skólans ásamt Rúna Thors, lektor í vöruhönnun. Í verkefninu eru greindar helstu hindranir og tækifæri fyrir náttúrulegt landnám birkis og hvernig samfélagslegir þættir hvetja eða letja endurheimt þess. Samstarfsaðilar verkefnisins, auk LHÍ, eru LBHÍ, HÍ, Skógræktin, Svarmi ehf. og Gró-LRT. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna hér: <https://birkivist.is>

Freedom to Make Sense: Embodied, experiential and mindful research

Frelsi til merkingarsköpunar: Líkamlegar, reynslubundnar og íhugular rannsóknir

Verkefnið er samstarfsverkefni listkennsludeildar og heimspekideildar HÍ og hlaut öndvegisstyrk Rannsóknasjóða Vísinda og tækniráðs í janúar 2024 (Rannís). Verkefnið byggir á grunni fyrra rannsóknarverkefnis, Líkamleg gagnrýnin hugsun (e. Embodied critical thinking) sem Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, þróaði og stýrði ásamt Sigríði Þorgeirsdóttur, Donötu Schoeller og fleirum. Verkefnið felst í kerfisbundinni, djúptækri og verklegri endurskoðun á gagnrýninni hugsun, bæði sem hugtaki og iðju, með beitingu nýlegra kenninga og rannsókna sem varða líkamleika og reynsluhugsun. Sjá nánar hér: <https://makesense.hi.is>. Verkefnið er unnið í samstarfi við yfir 20 háskóla og rannsóknarstofnanir víðs vegar um heiminn. Guðbjörg R. Jóhannesdóttir og Kristín Valsdóttir eru aðalrannsakendur í verkefninu ásamt Sigríði Þorgeirsdóttur, Donötu Schoeller og Birni Þorsteinssyni. Gunndís Ýr Finnbogadóttir dósent við listkennsludeild er doktorsnemi í verkefninu.

Samstarf við UniArts í Helsinki

Samstarf listkennsludeildar LHÍ og UniArts í Helsinki. Á árinu 2023 var myndaður samstarfshópur kennara við listkennsludeild og kennara við UniArts í Helsinki. Fundað var bæði í Reykjavík og Helsinki með styrkjum frá Erasmus+, þar sem hugmyndir hópanna voru reifaðar og lagður grunnur að áframhaldandi samvinnu með sérstakri áherslu á þróun kennslufræði fyrir háskólakennara í listum. Samstarfið um þetta verkefni er enn í gangi.

Edda Norden: Internationalizing Nordic and Baltic Teacher Training in Visual Arts and Craft Education
Þetta þróunarverkefni miðar að því að styðja við alþjóðavæðingu í kennaramenntun í myndlist og handverki á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum. Þar sem kennaramenntun er yfirleitt er bundin löggjöf, reglugerðum, tungumáli og stefnum, eru alþjóðleg samstarfsverkefni milli kennaranema og kennara í myndlist og handverksfræðslu í Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum jafnan á grunni einstakra verkefna. Markmið þessa þróunarverkefnis er að koma á fót sjálfbæru samstarfslíkani sem gerir meðlimum EDDA Norden samstarfsnetsins kleift að samþætta alþjóðlegt samstarf. Í verkefninu taka þátt átta listaháskólar og kennaramenntunarstofnanir auk Listaháskóla Íslands: Aalto University í Finnlandi; University of Agder í Noregi; HDK-Valand Academy of Art and Design í Svíþjóð; Konstfack University of Arts, Crafts and Design í Svíþjóð; Umeå University í Svíþjóð; University College í Danmörku; Vilnius University Siauliai Academy í Litháen. Hye Joung Park leiðir verkefnið fyrir hönd LHÍ.

Tengsl við innanlandsvettvang

Vettvangsnám er stór hluti af námi í listkennsludeild og er því samstarf deildarinnar og margra tónlistar-, leik-, grunn- og framhaldsskóla. Í tengslum við námsleiðina Listir og velferð, hefur verið stofnað til samtarfs við þann fagvettvang, t.d. Rauða krossinn og fleiri stofnanir. Nemendur fá þar tækifæri til að spreyta sig við kennslu og starf á vettvangi.

Listkennsludeild Listaháskóla Íslands hefur undanfarin ár einnig boðið upp á listnámskeið fyrir áhugasama krakka í 4.– 6. bekk þar sem nemendur kenna undir leiðsögn kennara við deildina. Að þessu sinni fóru þessi námskeið fram í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur sem lögðu okkur til aðstöðu á nokkrum stöðum í borginni. Listnámskeiðin voru haldið í Grófarhúsi, Spöng, Gerðubergi og í Úlfarsárdal.

Listkennsludeild gerðist árið 2022 aðili að samstarfsvettvangi um innleiðingu STEAM náms og kennslu á framhaldsskólastigi í samvinnu við Menntaskóla Borgarfjarðar og er sú samvinna enn í gangi.

Í samstarfi við félag heimspekikennara hefur listkennsludeild staðið fyrir reglubundnum samræðuæfingum sem opnar eru öllum áhugasömum um heimspekilega samræðu í skólastarfi.

Á haustdögum 2024 hófst viðamikill undirbúningur málþings um nýjan ramma UNESCO um list og menningarfræðslu í samstarfi Mennta- og barnamálaráðuneytið, Menningar- og viðskiptaráðuneytið, Kennarasamband Íslands, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og List fyrir alla. Málþingið átti upphaflega að fara fram í nóvember 2024 en fór fram í janúar 2025.

Ennfremur má nefna að akademískir starfsmenn deildarinnar hafa verið mjög virkir á fagvettvangi með virkri þátttöku í málþingum t.d. í samstarfi við Listasafn Íslands, og ráðstefnum, t.d. Norrænu fagurfræðiráðstefnunni sem haldin var í Reykjavík í júní sl.

Auk ofantaldra verkefna eru starfsmenn deildarinnar í fjölmörgum nefndum og ráðum á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytisins og fleiri aðila sem tengjast kennaramenntun. Má nefna m.a. Kennaráð, ráðgjafanefnd um nýliðun kennara, Viðurkenningarráð Íslensku menntaverðlaunanna, stýrihópi Menntafléttu og Menntamiðju o.fl.

Útskriftarviðburðir

Útskriftarviðburður deildarinnar að vori fór fram í Laugarnesi 8. maí og var opinn almenningi. Útskriftarviðburður að hausti var 30. ágúst. Á árinu voru útskrifaðir 19 nýir kennarar.

Húsnæði og aðstaða

Í lok sumars flutti listkennsludeild starfsemi sína úr húsnæði Listaháskólans í Laugarnesi þar sem hún hefur verið til húsa frá stofnun deildarinnar yfir í bygginguna Hamar í Stakkahlíð sem áður hýsti Menntavísindasvið Háskóla Íslands.



STOÐÞJÓNUSTA

Rekstur og fjármál

Húsnæði og aðstaða

Upplýsingatækni

Gæðamál

Kynningarmál og viðburðir

Mannauðsmál

Velferðarteymi

Náms- og starfsráðgjöf

Námsþjónusta / Nemendaskrá

Opni Listaháskólinn

Alþjóðaskrifstofa

Bókasafn

Verkstæði

Inngilding

Innleiðing stefnu

REKSTUR OG FJÁRMÁL

Rekstur Listaháskóla Íslands gekk vel á árinu 2024 og var 268 milljóna króna afgangur frá rekstri, sem var nokkuð yfir áætlun. Ástæður fráviksins má einkum rekja til tveggja atriða sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun, þ.e. aukagreiðslu frá ríki vegna flutninga úr Þverholti 11 og tekna vegna skráningargjalda. Um er að ræða tímabundið frávik sem verður nýtt til nauðsynlegrar styrkingar á innviðum og aðbúnaði skólans.

Frá og með haustönn 2024 greiða nemendur Listaháskólans ekki skólagjöld. Hér er um réttlætismál að ræða sem tryggir jafnrétti til náms óháð námsgrein. Breytingin hefur ekki teljandi áhrif á tekjur Listaháskólans til framtíðar.

Haustið 2024 mat starfshópur skipaður af Háskólaráðherra það svo að LHÍ væri best komið fyrir í núverandi húsnæði Tækniskólans á Skólavörðuholti til framtíðar. Mikilvægt er að undirbúningur að því hefjist sem allra fyrst þar sem staða húsnæðismála Listaháskólans verður alvarlegri með hverju árinu, en flestir húsaleigusamningar skólans renna út á árunum 2025 til 2027.

Sjóðstaða er áfram sterk.

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Tekjur úr ríkissjóði		2.360.860.000	1.806.700.000
Skólagjöld		247.886.943	377.232.863
Aðrar tekjur		46.335.954	37.154.968
		<u>2.655.082.897</u>	<u>2.221.087.831</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(1.626.341.344)	(1.503.948.174)
Húsnæðiskostnaður		(535.388.376)	(481.916.274)
Annar rekstrarkostnaður		(215.206.182)	(199.069.070)
Afskriftir fastafjármuna	6	(37.618.237)	(39.868.442)
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir skatta		240.528.758	(3.714.129)
Fjármunatekjur		30.567.574	18.304.319
Fjármagnsgjöld		(1.724.997)	(2.382.312)
Gengismunur		(1.084.284)	2.615.754
	5	<u>27.758.293</u>	<u>18.537.761</u>
Hagnaður ársins		<u>268.287.051</u>	<u>14.823.632</u>

HÚSNÆÐI OG AÐSTAÐA

Listaháskólinn starfar í sjö byggingum víðsvegar um Reykjavík. Helsta breytingin á árinu 2024 fólst í því að leigusamningur vegna Þverholts 11 rann út og fluttist starfsemi þess húss yfir í „nýtt“ húsnæði skólans við Stakkahlíð, en Menntavísindasviðs Háskóla Íslands hefur ekki lengur not fyrir það húsnæði, og núverandi hús LHÍ í Laugarnesi. Á sama tíma flutti starfsemi Listkennsludeildar og bókasafn úr Laugarnesi í Stakkahlíð. Nemendur og starfsfólk Listaháskólans sýndu mikla þrautseigju og skilning á meðan á flutningum stóð, og ber að þakka það.

Heildarstærð húsnæðis LHÍ í lok ársins 2024 var 13.998 fermetrar.

Stærsti óvissupáttur í rekstri Listaháskólans lýtur áfram að húsnæðismálum skólans, bæði til skemmri tíma og til framtíðar. Á árinu 2024 mat starfshópur skipaður af ráðherra háskólamála það svo að LHÍ væri best komið í núverandi húsnæði Tækniskólans á Skólavörðuholti (Gamli lðnskólinn) til framtíðar. Stefnt er að því að öll starfsemi skólans flytji í nýtt framtíðarhúsnæði í síðasta lagi árið 2030. Nokkur óvissa ríkir um staðsetningu skólans í millitíðinni, þar sem flestir húsaleigusamningar skólans renna út á árunum 2025 til 2027.

HÚSNÆÐI	FERMETRAR
STAKKAHLÍÐ 1	3.549
LAUGARNESVEGUR 91	6.881
BORGARTÚN 1	535
SKIPHOLT 31	1.874
AUSTURSTRÆTI 22A	665
VÖLVUFELL (GALLERY)	126
ÞÓRUNNARTÚN 2	368
ALLS	13.998

UPPLÝSINGATÆKNI

Tölvupjónusta hefur það meginmarkmið að setja upp og viðhalda skilvirku og öruggu net- og tölvuumhverfi fyrir nemendur og starfsfólks LHÍ. Helstu verkefni nýliðins árs voru eftirfarandi:

- Flutningur úr Þverholti yfir í Stakkahlíð
- Uppfæra Microsoft notendaleyfi fyrir aukið öryggi fyrir notendur LHÍ
- Virkja tveggja þátta auðkenningu fyrir starfsmenn og nemendur
- Setja upp nýtt aðgangs- og öryggiskerfi
- Flytja tölvuver úr Borgartúni og setja upp í Þórunnartúni.
- Endurbæta stúdíó í Skipholti
- Setja upp nýtt prentkerfi fyrir skólann (Uniflow)
- Endurbæta þráðlaust net (enn í vinnslu)
- Rúmlega 1.300 verkbeiðnum lokað á árinu (yfir 80% innan 24 stunda)
- Kaup á upplýsingaskjám og umsjónarkerfi fyrir þá (uppsetning enn í vinnslu)
- Endurbæta myndavélaeftirlitskerfi skólans
- Viðhald/uppfærsla á tölvukosti starfsfólks
- Setja upp „Flex“ starfsstöðvar með nýjum tölvuskjám í Stakkahlíð og Laugarnesi

GÆÐAMÁL

Föst verkefni í gæðastarfi felast í umbótamiðuðum verkefnum sem unnin er í gegnum fyrirlögn kannana, reglubundnu gæðamati námsleiða, söfnun og úrvinnslu lykiltalna og sjálfsmati í stofnunarúttekt.

Gæðakerfið er í stöðugri þróun og eru reglur, verkferlar og sniðmát endurskoðuð reglulega til að styðja sem best við starfsemina.

Á liðnu ári luku BA og MA í arkitektúr gæðamati sem mun taka upp nýja kennsluskrá fyrir árið 2026 til 2027. Auk þess lauk hönnunardeild gæðamati á námsleiðum fatahönnunar, grafískrar hönnunar og vöruhönnunar. Meðal niðurstaðna hönnunardeildar var útgáfa uppfærðar kennsluskrár fyrir skólaárið 2025 til 2026. Einnig hafa námskeið verið færð í 5-10-15 ECT einingasnið til að mæta langtímasýn LHÍ um samræmda uppbyggingu námskeiða, sem hefur það að markmiði að greiða fyrir þverfagurleika milli deilda. Inn-töku var hætt á einni námsleið, n.t.t. sýningarstjórnun í myndlistardeild.

Tónlistardeild hélt áfram með heildarendurskoðun BA stigsins sem hefur það markmið að einfalda uppbyggingu námsins. Stefnt er að því að fyrsta námsleiðin af þremur í nýju fyrirkomulagi taki á móti nemendum haustið 2025.

Þróun á söfnun lykiltalna hélt áfram á árinu. Ráðuneyti háskólamála, HVIN, hóf einnig þróun á gátt til að sækja fyrirfram skilgreindar lykiltölur um starf háskólans í gegnum Uglu.

Nýr gæðastjóri hóf störf á sviði háskólaþjónustu samhliða innleiðingu nýs skipurits þann 1. ágúst.

KYNNINGARMÁL OG VIÐBURÐIR

Á árinu 2024 voru haldnir rúmlega 400 viðburðir á vegum Listaháskólans, þar sem verkefnastjórar deildanna hafa umsjón með margskonar viðburðum. Stærstu viðburðir skólans eru Háskóladagurinn, Útskriftarhátíðin, útskrift í Hörpu og Nýnemadagar.

Háskóladagurinn var haldinn í Laugarnesi og var einstaklega vel heppnaður. Á Háskóladeginum gafst áhugasömum tækifæri til að kynna sér námsleiðir skólans og sá mikli áhugi skilaði sér í metfjölda umsókna um haustið.

Nýr kynningarstjóri tók til starfa á árinu og var gert átak í merkingum innan skólans sem og utan. Viðburðir og auglýsingaherferðir voru skipulagðar til að vekja athygli á skólagjaldalausunámi í fyrsta sinn í sögu skólans.

Útskriftarhátíðin, sem er flaggskip skólans, var einstaklega vel heppnuð. Á þessum viðburðum fá nemendur tækifæri til að njóta hæfileika sinna við bestu aðstæður. Þessir viðburðir njóta mikilla vinsælda. Þúsundir manna sækja þessa viðburði ár hvert. Má segja að útskriftarhátíðin sé meðal stærstu menningarviðburða ársins.

Haldið var sérstakt kynningarkvöld fyrir kennara í framhaldsskólum í fyrsta sinn, og var það vel sótt. Mörg hundruð kennarar mættu til að kynna sér námsleiðir Listaháskólans. Þetta var mikilvægur viðburður, því kennarar í framhaldsskólum gegna lykilhlutverki í að aðstoða nemendur við að velja sér nám að loknu framhaldsskólanámi. Verkefnastjórar heimsækja framhaldsskólana og eru með kynningu á námi skólans.

MANNAUÐSSTJÓRNUN

Af föstum verkefnum í mannauðsstjórnun var umfangsmest vinna við skipulagsbreytingar, ráðningar, við-

hald jafnlaunakerfis og eflingu á vinnu- og heilsuverndarstarfi með áherslu á sálfélagslegt öryggi.

Á árinu voru birtar 10 auglýsingar um störf laus til umsókna. Um var að ræða fjórar auglýsingar um akademísk störf og sex auglýsingar um störf á staðsviðum. Umsækjendur um störf voru alls 336.

Listaháskólinn hlaut endurvottun á jafnlaunakerfi sitt og var niðurstaða úttektarstjóra iCert að jafnlaunakerfi LHÍ uppfyllir kröfur staðsins ÍST 85:2012. Niðurstaða úttektarinnar var að árangur vöktunar og mælinga á jafnlaunakerfi LHÍ er jákvæður m.t.t. jafnlaunamarkmiða LHÍ. Niðurstaðna launagreiningar sýndi ómarktækan mun.

Listaháskólinn tók á árinu upp samstarf við Auðnast til eflingar á vinnu- og heilsuverndarstarfi með áherslu sálfélagslegt öryggi.

Skipulagsbreytingar tóku gildi 1. ágúst sem fólu m.a. í sér ráðningu á mannauðsstjóra í fullt starf.

VELFERÐARTEYMI

Velferðarteymi Listaháskólans var sett á laggirnar árið 2023, hlutverk teymisins er að stuðla að velferð og velíðan starfsfólks Listaháskóla Íslands og nýta til þess forvarnir og fræðslu.

Í byrjun árs 2024 fór af stað velferðar dagskrá fyrir starfsmenn þar sem boðið var upp á vikulega hreyfingu, fyrirlestra, heilsugöngu og margt fleira.

Á vorönninni var í boði stutt Qigong námskeið og þar á eftir tók við Yoga Nidra námskeið.

Sálfræðingur kom inn með tvo fyrirlestra um geðheilsu og í sumarbyrjun var skipulögð ganga með leiðsögn um Sporhelludali í samstarfi við starfsmannafélagið, sem var einstaklega vel sótt.

Á haustönninni bauðst starfsmönnum að taka þátt í fræðslu og upplifunargöngu um Elliðaárhólmann með leiðsögn. Yoga Nidra og Tónheilun námskeið var einu sinni í viku yfir 2 mánaða tímabil og í lok árs var Aðventugufugusa sem vakti mikla gleði og lukku í lok árs.

Velferðarteymið hvetur starfsfólk til að taka þátt í hinum ýmsu klúbbum sem starfsmenn LHÍ eru þátttakendur í, svo sem göngu- og útivistarfélagið, sjósundsfélagið og skíðaklúbburinn.

Starfsmenn LHÍ í velferðarteyminu 2024:

- Adam Flint, fagstjóri í grafískri hönnun, hönnunardeild
- Björg Stefánsdóttir, forstöðumaður alþjóðaskrifstofu
- Guðrún Lárusdóttir, deildarfulltrúi í myndlistar- og kvikmyndalistardeildar, (hluta úr ári)
- Hefna Lind Lárusdóttir, aðjúnt sviðlistadeild
- Ingibjörg Huld Haraldsdóttir, verkefnastjóri viðburða og kynningarmál í myndlistar- sviðlistadeild
- Páll Haukur Björnsson, lektor myndlistardeild, (hluta úr ári)
- Margrét Elísabet Ólafsdóttir, prófessor í myndlistardeild, (hluta úr ári)
- Ragnhildur Ólafsdóttir Ísleifs, námsráðgjafi
- Sunna Sigurðardóttir, deildarfulltrúi tónlistardeild
- Vigdís Gunnarsdóttir, lektor listkennsludeild
- Þóra Einarsdóttir, aðstoðarrekter

NÁMS– OG STARFSRÁÐGJÖF

Starfsemi náms- og starfsráðgjafar var með hefðbundnu sniði á árinu en meginmarkmið ráðgjafarinnar er að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika þannig að þeir fái notið sín í námi. Jafnframt er lögð

áhersla á að styrkja nemendur með því að veita stuðning tengdum tækifærum og ögrunum í námi, andlegri líðan og heilbrigðum lífsstíl, samskiptum við nemendur og starfsfólk, framtíðarsýn og tækifærum.

Náms- og starfsráðgjöf er einstaklingsbundin þjónusta sem er fyrst og fremst fyrir nemendur. Boðin eru einstaklingsviðtöl, hópráðgjöf, sálfræðiviðtöl, hádegisfyrirlestrar og þjónusta við nemendur sem þurfa á sérstökum stuðning í námi vegna viðbótarþarfa að halda. Ýmis fræðsluerindi buðust nemendum á árinu. Má þar m.a. nefna fræðslu um námstækni, árangursríkt hópstarf, ritgerðarskrif, fræðsla fyrir skiptinemendur og fræðsla fyrir nemendur með námsörðuleika.

Þrenns konar kannanir voru sendar út árið 2024 sem náms- og starfsráðgjöf heldur utan um. Í mars var púlsakönnun send út til nemenda en hún er unnin í samstarfi við stúdentaráð Listaháskóla Íslands. Þar er spurt um upplifun nemenda af skólanum í heild sinni, námsumhverfi í deildum og púlsinn tekinn á nemendum sjálfum. Árleg námslokakönnun á meðal útskriftarnemenda var send út snemma vors þar sem upplifun nemenda af skólanum, deildum og þjónustu er könnuð. Að lokum var send út könnun til útskrifaðra nemenda Listaháskóla Íslands til að kanna afdrif þeirra en nokkur ár voru liðin síðan slík könnun var send út síðast. Átta útskriftarárgöngum á tímabilinu 2010-2022 bauðst að taka þátt.

Raunfærnimat

Listaháskóli Íslands tekur þátt í þróunarverkefni um raunfærnimat á háskólastigi sem er hluti af úthlutun úr samstarfi háskóla á vegum háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytisins. Markmið verkefnisins að auka samstarf á milli íslenskra háskóla og bæta samkeppnishæfni þeirra ásamt því að auka gæði náms, rannsókna og stoðþjónustu.

Markmið verkefnisins er jafnframt að þróa og innleiða raunfærnimat til styttingar náms við Listaháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík. Hver skóli velur sér námsleiðir til að innleiða raunfærnimat við, t.d. fatahönnun og grafíska hönnun. Samstarfshópurinn mótar matsferli sem verður prufukeyrt, metið og innleitt. Niðurstaðan verður sameiginlegt matsferli sem mun nýtast öllum háskólum landsins og efla mannauð og hæfni í íslensku atvinnulífi.

Verkefnið hófst snemma árs 2024 og lýkur að vori 2026.

NÁMSÞJÓNUSTA / NEMENDASKRÁ

Námsþjónusta Listaháskólans hefur það meginhlutverk að vera með umsýslu á skráningu námsframboðs og verkefnum sem tengjast almennri skráningu á námi nemenda. Teymi námsþjónustu samanstendur af deildarfulltrúum og forstöðumanni námsþjónustu. Teymið sér um dagleg verkefni eins og viðhald og skráningar í námskerfi, kennsluskrá og stundatöflukerfi. Deildarfulltrúar sinna því næst upplýsingagjöf til nemenda um námsframboð og móttöku nýnema og skiptinema. Teymið heldur einnig utan um miðlæg verkefni eins og umsóknar- og inntökufæri, nemenda-tölfræði og gerð útskriftargagna. Forstöðumaður námsþjónustu kemur einnig að verkefnum sem tengjast stjórnsýslu skólans og gæðamálum, eins og endurskoðun og útgáfu skóladagatala, samantekt lykiltalna og þróunarvinnu á náms- og stundatöflukerfi skólans. Teymið sér einnig um samræmingu á verkefnum sem varða skráningu náms þvert á deildir.

OPNI LISTAHÁSKÓLINN

Vinna við að koma Opna Listaháskólanum á laggirnar á ný hófst í ágúst þegar nýr verkefnastjóri kom til starfa. Að þessu sinni var lögð áhersla á að koma upp nýjum vef sem gerði námskeiðunum betur skil. Við fyrstu greiningu tæknilegs umhverfis var mesta flækjustigið tengt því að tengja skráningarkerfi skólans, Ugluna, við vefinn. Þetta var mikilvægt skref til að einfaldast umsýsla við skráningu námskeiða í framtíðinni. Rekstrarforsendur Opna LHÍ eru talsvert breyttar. Áður tilheyrðu námskeiðin í Opna LHÍ námsleiðum innan skólans. Nýi Opni LHÍ býður upp á námskeið sem eru sjálfstæð og ná til breiðari hóps. Kynningar- og markaðsstarf er stór hluti af starfsemi.

ALÞJÓÐASKRIFSTOFA

Stór hluti nemenda og starfsfólks Listaháskólans tóku virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á árinu.

Með Erasmus+ áætlun sem hófst 2021 voru kynnt til sögunnar ný tækifæri fyrir nemendur til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi á námsferlinum. Til viðbótar við skiptinám og starfsnám býðst nemendum að taka þátt í styttra skipti- og starfsnámi, er það nýjung sem nemendur og kennarar LHÍ hafa tekið opnum örmum með nýjum námskeiðum og námsháttum.

Á árinu 2024 fóru þrjátíu og þrír nemendur á stutt námskeið, þar með talin nokkur BIP námskeið, hjá samstarfs-skólum LHÍ í Erasmus+ netinu. Þrjátíu og sex nemendur tóku þátt í stuttu starfsnámi með stuðningi Erasmus+, þar af fóru fimm nemendur í starfsnám til Afríku. Þrír nemendur úr þrem mismunandi deildum tóku þátt í starfsnámi í Sierra Leone, en það starfsnám var hluti af stærra verkefni sem bæði hönnunardeild og arkitektúrdeild stóðu á bakvið í samstarfi við Aurora foundation og Limkokwing háskólann í Freetown. Þrír nemendur fóru í tveggja vikna starfsþjálfun hjá Ballet Merveilles de Guinée í Guineu ásamt þremur kennurum, þessar ferðir voru allar styrktar af Erasmus+. Sviðslistadeild fékk styrk úr alþjóðavídd Erasmus+ fyrir samstarfi við Ballet Merveilles di Guinée og komu fjórir kennarar þaðan til að kenna nemendum sviðslistadeildar í fjórar vikur. Báðar ferðirnar til Guineu og frá Guineu voru einstaklega vel heppnaðar og margir nemendur sem nutu góðs af því samstarfi.

Nemendur sem fóru í skiptinám voru alls sjötíu og sjö þar af fjörutíu og fjórir yfir heila önn eða lengur en fjörutíu og sex nemendur nýttu sér starfsnámsstyrki Erasmus+, þar af þrjátíu og tveir eftir útskrift og aðrir í styttra eða sumarstarfsnámi. Þrjátíu og fimm nemendur komu í skiptinám til LHÍ og voru ýmist yfir eina önn eða tvær. Starfsmannaskipti tóku enn betur við sér en árið áður og tóku sextíu og fimm kennarar og starfsmenn þátt í kennara og starfsmannaskiptum þar af voru 11 gestakennarar / sérfræðingar af fagvettvangi sem kenndu við deildir skólans.

Nýtt evrópskt samstarfsverkefni hlaut 400.000 evra styrk frá Erasmus+ á Íslandi. Verkefnið sem kallast Loftlagskrísa í upplýsingaóreiðu eða Climate Truth Crisis er hýst í Hönnunardeild og er unnið í samstarfi við sex aðra háskóla og ELIA samtök listaháskóla í Evrópu. Verkefninu er stýrt af alþjóðaskrifstofu LHÍ í samstarfi við alþjóðaskrifstofu Royal Academy of Art the Hague og nær yfir þrjú ár.

Deildirnar halda áfram að vera virkar í Nordplus netum listanna, tuttugu og sex nemendur fengu styrki til þátttöku í námskeiðum hjá samstarfsskólum í Nordplus netunum og fimmtán kennarar. Ársfundur KUNO netsins var haldinn hjá myndlistardeild LHÍ í október, sextíu kennarar og starfsmenn frá 18 samstarfsskólum sóttu fundinn sem var einstaklega vel heppnaður og skipulagður á haustönninni. Ársfundur Nordfilm í kvikmyndalistadeild fór fram í apríl, netið sem er töluvert yngra en KUNO, tekur yfir 11 skóla og var fundurinn vel sóttur og mikil ánægja með heim-sóknina. Alþjóðaskrifstofan ásamt góðu teymi stóð að baki skipulagningu þessara viðburða og funda.

Á árinu 2024 voru tveir starfsmenn í fullu starfi á alþjóðaskrifstofu

BÓKASAFN

Bókasafn LHÍ er háskólabókasafn og stærsta sérfræðisafn landsins á sviði listgreina.

Árið 2024 einkenndist af sameiningu og flutningum. Þegar ljóst var með skömmum fyrirvara í byrjun árs að starfsemi LHÍ í Þverholti yrði flutt í Stakkahlíð var ákveðið að bókasöfn LHÍ í Þverholti og Laugarnesi yrðu sameinuð í eitt bóka-safn staðsett í Stakkahlíð. Í apríl og maí vann starfsfólk bókasafnsins að undirbúningi flutninga og sameiningu safnanna ásamt hefðbundinni vinnu og verkefnum. Með yfirlitum yfir hillumetra og fjölda rita var áætlað hvernig hægt væri að koma sameinuðum safnkostinum, um 70.000 ápreifanlegum eintökum, fyrir á nýjum stað. Tekið var til í almennum safnkosti á útlánasvæðum og viðkvæmu efni pakkað sérstaklega sem og því efni sem þurfti að vera aðgengilegt meðan á flutningum stóð. Efni í geymslum var yfirfarið og safnkosti úr geymslu í kjallara í Þverholti var komið fyrir í geymslu í Borgartúni.

Í júní var útlánaþjónusta stöðvuð og öllu almennu safnefni á útlánasvæðum um 52.000 eintökum pakkað. Flutt var í Stakkahlíð síðustu viku júnímánuðar og þá hófst vinna við að koma hillurekkum fyrir og raða safnkostinum í hillur.

Í ágúst fór fram mjög mikil vinna við að undirbúa safnkostinn og fínraða til að hægt væri að hefja útlánaþjónustu. Í byrjun september var starfsemi bókasafnsins í Stakkahlíð komin í fullan gang og sjálfsafgreiðsluvél tekin í notkun svo notendur geta tekið rit að láni og skilað þeim utan afgreiðslutíma safnsins.

Aðgangur notenda að bókasafninu hefur aukist verulega eftir flutningana, safnið er í opnu rými í Stakkahlíð og allir sem skráðir eru nemendur eða starfsmenn í LHÍ eiga að hafa aðgang að húsinu og þar með bókasafninu og

VERKSTÆÐI

Listaháskóli Íslands rekur tíu verkstæði í tveimur byggingum; trésmíði, málmsmíði, mótun, grafík, innrömmun, video, ljósmyndun, textílprent, stafræna vinnsla og gagnvirkni. Auk þess eru starfrækt vinnurými tengd námsbrautum, s.s. Málarasalur, stafrænt prentver, upptökustúdíó o.fl.

Verkstæðin eru rekin sem sjálfstæð eining innan sviðs háskólaþjónustu og þjóna nemendum þvert á deildir. Störf á verkstæðum fela annars vegar í sér umsjón með daglegum rekstri og hins vegar kennslu sérfræðinga. Í sumum tilfellum sinnir sami starfsmaður þessum hlutverkum en í öðrum tilfellum er verkskipting meiri. Nemendur sækja bæði námskeið á verkstæðum og vinna þar sjálfstætt að verkefnum innan annarra námskeiða. Þau eru ekki síður hugsuð sem staður fyrir umræður, nýjar hugmyndir og skoðana-skipti milli kennara og nemenda þvert á námsstig og deildir.

Verkstæðin tengjast fagvettvangi lista og hönnunar með aðkomu kennara, gestalistamanna og rannsakenda bæði af fagvettvanginum og úr akademíunni. Helstu verkefni ársins voru að endurnýja ýmsan tækjakost, sérstaklega á trésmíðaverkstæði og í videoveri. Aukin aðsókn hefur verið í videover, sérstaklega hjá nemendum kvikmyndlistadeildar en einnig úr sviðslistadeild, arkitektúr-, hönnunar og myndlistardeild.

INNGILDING

Ráðinn var tímabundið, til eins árs, sérstakur inngildingarfulltrúi. Verkefni fulltrúans eru að kortleggja stöðu inngildingarmála innan skólans og veita starfsfólki fræðslu og ráðleggingar um innleiðingu breyttra starfsháttá. Inngildingarfulltrúinn er jafnframt jafnréttisfulltrúi skólans og stýrir vinnu við jafnréttisáætlun skólans. Einnig tekur hann þátt í samstarfshópi allra háskólanna um jafnréttismál.

INNLEIÐING STEFNU

Innleiðing nýrrar stefnu skólans hefur gengið vel. Stefna skólans var sett upp í verkefnastjórnunarkerfið Microsoft Planner. Hvert markmið innan stefnunnar er með aðgerðaáætlun og er sérstakur ábyrgðaraðili skráður fyrir hverri aðgerð. Þetta fyrirkomulag auðveldar yfirsýn og eftirfylgni og eykur líkur á að innleiðingin nái árangri.





STJÓRN, RÁÐ OG NEFNDIR

Miðað er við skipan í lok árs 2024.

Stjórn Listaháskóla Íslands

Stjórn Listaháskóla Íslands fer með æðsta ákvörðunarvald innan skólans og yfirumsjón málefna er varða skólann í heild. Stjórn Listaháskólans er skipuð fimm einstaklingum til þriggja ára í senn, og hefur enginn þeirra framfæri sitt af starfi við skólann eða stundar nám við hann. Háskólaráðherra tilnefdir tvo einstaklinga í stjórnina en þrír eru kjörnir á aðalfundi Baklands Listaháskóla Íslands. Stjórn hittist mánaðarlega yfir skólaárið.

- Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir, stjórnarformaður, fulltrúi háskólaráðuneytis
- Karen María Jónsdóttir, varaformaður stjórnar, fulltrúi Baklands LHÍ
- Gísli Örn Garðarson, fulltrúi háskólaráðuneytis
- Hildur Gunnlaugsdóttir, fulltrúi Baklands LHÍ
- Sveinbjörn I. Baldvinsson, fulltrúi Baklands LHÍ
- Jóhann G. Jóhannsson, varamaður Baklands LHÍ
- Mist Þorkeldsdóttir, varamaður Baklands LHÍ

Bakland Listaháskóla Íslands

Bakland LHÍ tók yfir starfsemi Félags um Listaháskóla árið 2016. Markmið Baklandsins er að efla og styrkja Listaháskóla Íslands og tryggja tengsl skólans við listamenn, menningarstofnanir og atvinnulíf og stuðla að faglegri umfjöllun um listir og samfélag. Bakland kys þrjá af fimm stjórnarmönnum Listaháskóla Íslands og hefur jafnframt það hlutverk að móta sér stefnu og markmið til stuðnings við starfsemi skólans á hverjum tíma.

- Hlynur Helgason, formaður
- Gunnar Andreas, gjaldkeri
- Þorlákur Einarsson, ritari

Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráð fjallar um sameiginleg málefni Listaháskólans, m.a. gæðastjórnun og skipulag skólastarfsins, fjármál og rekstur, húsnæði og aðstöðu. Framkvæmdaráð undirbýr tillögur að stefnu fyrir skólann í helstu málefnum og er bakhjarl rektors í daglegri stjórn. Jafnréttisnefnd og umhverfisnefnd heyra undir framkvæmdaráði sitja, auk rektors, framkvæmdastjóri, sviðsforsetar og forstöðumaður háskólaskrifstofu. Aðrir sitja fundi ráðsins eftir því sem tilefni gefa til. Rektor stýrir fundum framkvæmdaráðs. Fundir eru öllu jafna einusinni í viku.

- Kristín Eysteinsdóttir, rektor
- Haukur Björnsson, framkvæmdastjóri
- Sigríður Hallgrímsdóttir, starfandi sviðsstjóri samfélags og sjálfbærni
- Sóley Björt Guðmundsdóttir, sviðsstjóri háskólaþjónustu

Fagråd

Fagråd hefur ákvörðunarvald í akademískum málefnum, fjallar um fagleg markmið skólans, frammistöðu og gæði, og er leiðandi fyrir stjórnendum í kennslu, rannsóknum og þróun. Kennslunefnd og rannsóknanefnd heyra undir fagråd. Í fagráði sitja rektor, sviðsforsetar og deildarforsetar. Aðrir sitja fundi ráðsins eftir því sem tilefni gefa til. Rektor stýrir fundum fagráðs. Fundur er öllu jafna einu sinni, til tvisvar, í mánuði.

- Kristín Eysteinsdóttir N/A
- Aðstoðarrektor náms og kennslu Þóra Einarsson N/A
- Aðstoðarrektor rannsókna Hulda Stefánsdóttir (í leyfi haust 2024)
- Þorbjörg Daphne Hall, starfandi aðstoðarrektor rannsókna haust 2024 N/A
- Deildarforseti listkennslu Ingimar Ólafsson Waage N/A
- Deildarforseti sviðslista Una Þorleifsdóttir N/A
- Deildarforseti tónlistar Pétur Jónasson N/A
- Deildarforseti hönnunar Katrín Ólína Pétursdóttir N/A
- Deildarforseti arkitektúrs Massimo Santanicchia N/A
- Deildarforseti myndlistar Bjarki Bragason (í leyfi haust 24), Jóhannes
- Dagsson í afleysingu, haust 24 N/A
- Deildarforseti kvikmyndalistar Steven Meyers N/A
- Fulltrúi stúdentaráðs

Sviðsráð

Á hverju sviði starfar sviðsráð sem er samráðsvettvangur innan sviðs og er sviðsforseta til fulltingis. Auk sviðsforseta sitja í ráðinu deildarforsetar sviðsins og fulltrúar kennara, stundakennara og nemenda. Sviðsráð tilnefnir fulltrúa í kennslunefnd og rannsóknanevnd. Aðrir sitja fundi ráðsins eftir því sem tilefni gefa til. Sviðsforsetar stýrir störfum ráðsins. Fyrirkomulag funda hefur verið með þeim hætti að sviðsráðin hafa fundað sameiginlega til að tryggja samráð þvert á deildir og svið skólans. Fundur er öllu jafna tvisvar til þrisvar á önn.

Starfsemi sviðsráðs var í lágmarki árið 2023, m.a. vegna stefnumótunarvinnu Listaháskólans.

Stúdentaráð

- Þórhildur Hólmgeirsdóttir, forseti
- Steinunn Thalia Jónsdóttir, varaforseti
- Úa Sóley Magnúsdóttir, ritari
- Sigurður Davíð Þór Guðmundsson, Gjaldkeri
- Alvin Hugi Ragnarsson, meðstjórnandi

Hæfisnefnd

Ráðið er í akademískra stöður að undangengnu mati hæfisnefndar, en heimilt er að ráða aðjúnkta án hæfismats. Rektor staðfestir skipan hæfisnefndar. Hæfisnefnd er skipuðu tveimur föstum fulltrúum og einum fagtengdum sérfræðingi hverju sinni.

- Þórhallur Magnússon, formaður
- Jóna Hlíf Halldórsdóttir, fastafulltrúi

Kennslunefnd

Hlutverk kennslunefndar er að vinna að markmiðum er lúta að náms- og kennsluþróunarstefnu Listaháskóla Íslands. Í því felst að stuðla að þróun kennslu, fjölbreyttra kennsluhátta og tengslum kennslu og rannsókna. Auk þess er nefndinni falið að vinna, í tengslum við aðrar nefndir skólans, að því að tryggja gæði náms og kennslu. Kennslunefnd gerir tillögur sem miða að því að tryggja jafnræði meðal nemenda í námi og námstilhögun. Í kennslunefnd sitja verkefnastjóri kennslu sem stýrir starfi nefndarinnar, þrjú fulltrúar fastráðinna kennara skólans, einn frá hverju sviði, sviðsforseti akademískrar þróunar og tveir fulltrúi nemenda. Ályktanir nefndarinnar ber að leggja undir fagråd til samþykktar og/eða frekari úrvinnslu. Fagråd skipar kennslunefnd til tveggja ára. Skipan nemenda er til eins árs í senn. Skipan varamanns skal vera frá annarri deild en skipan aðalmanns.

- Aðstoðarrektor náms og kennslu Þóra Einarsdóttir N/A
- Kennsluþróunarstjóri Elíza Newman Geirsdóttir N/A
- Akademískur starfsmaður –listkennsludeild Kristín Valsdóttir 2024- 2026
- Akademískur starfsmaður –myndlistardeild Hildur Bjarnadóttir 2023- 2025
- Akademískur starfsmaður –hönnunardeild Anna Dröfn Ágústsdóttir 2024- 2026
- Akademískur starfsmaður –arkitektúr Massimo Santanicchia 2024– 2026
- Akademískur starfsmaður –sviðslistadeild Hannes Óli Ágústsson 2024- 2026
- Akademískur starfsmaður –tónlistardeild Sigurður Flosason 2024– 2026
- Akademískur starfsmaður –kvikmyndalistadeild Brúsi Ólason 2024– 2026
- Fulltrúi nemenda Ása Lára Rúnarsdóttir BA 2024- 2025
- Fulltrúi nemenda Sigurður Unnar Birgisson MA 2024- 2025

Rannsóknanevnd

Hlutverk rannsóknarnefndar er að vinna að markmiðum er lúta að rannsóknarstefnu Listaháskóla Íslands. Rannsóknarnefnd starfar í umboði fagráðs, sem felur nefndinni að fjalla um skilgreind mál sem lúta að uppbyggingu rannsóknarstarfs innan skólans. Í því felst að stuðla að þróun rannsóknarmenningar og fjölbreyttra rannsóknaraðferða lista auk þess að styðja við framkvæmd innra mats rannsóknarafraksturs akademískra starfsmanna. Þá er nefndinni falið að vinna, í tengslum við aðrar nefndir skólans, að því að tryggja gæði rannsóknarstarfs og tengsl rannsókna og kennslu. Ályktanir nefndarinnar ber að leggja undir fagråd til samþykktar og/eða frekari úrvinnslu. Fagråd skipar rannsóknanevnd til tveggja ára. Skipan nemenda er til eins árs í senn. Skipan varamanns skal vera frá annarri deild en skipan aðalmanns. Í rannsóknarnefnd sitja verkefnastjóri rannsókna sem stýrir starfi nefndarinnar, þrjú fulltrúar fastráðinna kennara skólans, einn frá hverju sviði, sviðsforseti akademískrar þróunar og einn fulltrúi nemenda.

- Aðstoðarrektor rannsókna Þorbjörg Daphne Hall (starfandi haust2024) N/A
- Verkefnastjóri rannsókna Sigmundur Páll Freysteinnsson N/A
- Listkennsludeild Guðbjörg Jóhannesdóttir 2024-2026

46

- Listkennsludeild (varamaður) Ingimar Ólafsson Waage 2024-2026
- Arkitektúrdeild Sahar Ghaderi 2023 – 2025
- Arkitektúrdeild (varamaður) Massimo Santanicchia 2024-2026
- Hönnunardeild Björn Steinar Blumenstein 2024-2026
- Hönnunardeild (varamaður) Katrín Káradóttir 2024-2026
- Myndlistardeild Margrét Elísabet Ólafsdóttir 2023–2025
- Myndlistardeild (varamaður) Jóhannes Dagsson 2024-2026
- Kvikmyndalistadeild Guðrún Elsa Bragadóttir 2023 – 2025
- Kvikmyndalistadeild (varamaður) Steven Meyers 2024-2026
- Sviðslistadeild Nína Hjálmsdóttir 2024-2026
- Sviðslistadeild (varamaður) Una Þorleifsdóttir 2024-2026
- Tónlistardeild Páll Ragnar Pálsson 2024-2026
- Tónlistardeild (varamaður) Pétur Jónasson 2024-2026

Hugarflugsnefnd

Ráðstefnunefnd Hugarflugs hefur það hlutverk að þróa áherslur og umgjörð ráðstefnunnar hverju sinni, móta kall eftir þátttöku og velja inn þátttakendur á ráðstefnuna. Nefndin starfar náið með verkefnastjóra ráðstefnunnar að framkvæmd og útfærslu.

- Verkefnastjóri rannsókna Sigmundur Páll Freysteinnsson N/A
- Arkitektúrdeild Sahar Ghaderi 2023-2024
- Myndlistardeild Margrét Elísabet Ólafsdóttir 2024-2026
- Tónlistardeild Pétur Jónasson 2023-2024
- Hönnunardeild Katrín Ólína 2023-2024
- Sviðslistadeild Katrín Gunnarsdóttir 2024-2026
- Listkennsludeild Guðbjörg R. Jóhannesdóttir 2023-2024
- Kvikmyndadeild Ása Helga Hjörleifsdóttir 2023-2025
- Fulltrúi nemenda af meistarastigi Vantar 2024-2025
- Fulltrúi nemenda af meistarastigi Vantar 2024-2025

Úrskurðarnefnd um réttindamál nemenda

Úrskurðarnefnd um réttindamál nemenda Listaháskóla Íslands er æðsti úrskurðaraðili innan skólans í agamálum og málum er varða réttindamál nemenda. Úrskurðarnefnd starfar samkvæmt starfsreglum. Stjórn skólans skilgreinir nánar starfssvið nefndarinnar og setur henni starfsreglur.

- Una Þorleifsdóttir deildarforseti
- Hróðmar I Sigfússon, fulltrúi adademískra starfsmanna
- Kristín Valsdóttir, fulltrúi adademískra starfsmanna

Jafnréttisnefnd

Hlutverk jafnréttisnefndarinnar er meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála í Listaháskólanum og móta stefnu og áætlanir skólans í jafnréttismálum. Í nefndinni sitja fulltrúar frá starfsmönnum allra deilda skólans og fulltrúi nemenda sem kemur úr nemendaráði.

- Jafnréttisfulltrúi Katla Stefánsdóttir N/A
- Fulltrúi starfsmanna Agnar Jón Egilsson, sviðslistadeild 2024-2026
- Fulltrúi starfsmanna Sirra Sigrún Sigurðardóttir, myndlistardeild 2023-2025
- Fulltrúi starfsmanna Hye Joung Park, listkennsludeild 2024-2026
- Fulltrúi nemenda ?Sigur Huldar Ellerup Geirs 2024-2025

Sjálfbærnefnd

Sjálfbærnefnd fjallar um sjálfbærni í víðum skilningi. Mótar sjálfbærnistefnu og gerir tillögur til þróunar á sviði vistvæns rekstrar og úrbóta í umhverfismálum innan skólans. Í mótun sjálfbærnistefnu skólans ber að gera ráð fyrir því að umhverfisvitund, umhverfismál og sjálfbær þróun séu þáttur í námi og vinnu nemenda.

Eitt helsta verkefni sjálfbærnefndar er umsjón með þróun og útfærslu sjálfbærnistefnu skólans með bætt samfélag, framfarir í umhverfisvernd og vistvænan og ábyrgan rekstur fyrir augum.

Vinnulag

Sjálfbærnefnd fundar einu sinni á hverri önn hið minnsta. Sjálfbærnefnd er sjálfstæð í störfum sínum og kemur ábendingum og athugasemdum sem hún telur mikilvægt að verði tekið tillit til á framfæri við deildir skólans og aðra viðkomandi aðila innan hans.

- Sviðsstjóri samfélags og sjálfbærni, Eva María Árnadóttir N/A
- Fulltrúi starfsfólks Ingimar Waage 2024-2026

- Fulltrúi starfsfólks Ragna Sigríður Bjarnadóttir 2024-2026
- Fulltrúi starfsfólks Sigmundur Páll Freysteinnsson 2024-2026
- Fulltrúi nemenda Vantar 2024-2025

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd skal taka til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Nefndin kys sér sjálf formann og ritara og skulu þeir til skiptis vera úr röðum öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða. Öryggisnefndin heldur fundi eins oft og hún sjálf telur þörf á en þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

- Atvinnurekandi skipar -Verkstæði – fastafulltrúi - Oddur Wilhelm Guðmundsson 2023-2025
- Atvinnurekandi skipar – Umsjónarmaður- fasteigna Hákon Kristinnsson 2022-2024
- Þjónustu- og tæknifulltrúi Linda Björg Guðmundsdóttir 2024-2026
- Starfsmaður Elín Margot 2022-2024

Starfsþróunarsjóður akademískra starfsmanna

Markmið Starfsþróunarsjóðs kennara er að auðvelda akademískum starfsmönnum Listaháskólans að sinna sérverkefnum í grein sinni og sækja námskeið eða endurmennta sig á sínu sérsviði. Sérverkefni kennara geta verið verkefni sem tengjast listsköpun, rannsóknum, tengslamyndun eða kynningu á listgrein viðkomandi.

- Rektor Kristín Eysteinsdóttir N/A
- Akademískur starfsmaður Sahar Ghaderi, arkitektúr 2023-2025
- Varamaður Vantar 2024-2026
- Akademískur starfsmaður Hrefna Sigurðardóttir, hönnun 2023-2025
- Varamaður Vantar 2024-2026
- Akademískur starfsmaður Elín Gunnlaugsdóttir, tónlistardeild 2024-2026
- Varamaður Matthildur Anna Gísladóttir, TD 2024-2026
- Akademískur starfsmaður Páll Haukur Björnsson, myndlist 2024-2026
- Varamaður Vantar 2024-2026
- Akademískur starfsmaður Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, sviðslistadeild 2024-2026
- Varamaður Vantar 2024-2026
- Akademískur starfsmaður Vigdís Gunnarsdóttir, listkennsludeild 2024-2026
- Varamaður Vantar 2024-2026
- Akademískur starfsmaður kvikmyndalistadeild 2024-2026

Starfsþróunarsjóður stoðsviða

Starfsþróunarsjóður stoðsviða hefur það markmið að framfylgja stefnu skólans um mannauð, með því að styðja við faglega starfsþróun og stuðla að símenntun og eflingu í starfi.

- Haukur Björnsson, framkvæmdastjóri
- Sóley Björt Guðmundsdóttir, forstöðumaður háskólaskrifstofu, mannauðs- og gæðastjóri
- Rósa Bjarnadóttir, föstöðumaður bókasafns

Rannsóknarsjóður

Hlutverk sjóðsins er að styðja við rannsóknir akademískra starfsmanna og stuðla að uppbyggingu þekkingar á fræðasviði lista. Rétt á styrkveitingu eiga fastráðnir akademískir starfsmenn með rannsóknahlutfall. Stjórn Rannsóknarsjóðs er skipuð til tveggja ára í senn og í henni sitja tveir akademískir starfsmenn skólans ásamt einum utanaðkomandi aðila.

- Pétur Jónasson, aðalmaður – svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda
- Steinunn Ketilsdóttir, aðalmaður – svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda
- Anna Línadal, myndlistarmaður, utanaðkomandi aðili

Útgáfusjóður

Hlutverk sjóðsins er að efla útgáfustarfsemi skólans og stuðla að miðlun á verkum akademískra starfsmanna. Sjóðurinn miðar þannig að því að styrkja tengsl kennslu og rannsókna. Rétt á styrkveitingu eiga fastráðnir akademískir starfsmenn með rannsóknahlutfall.

- Fulltrúi akademískra starfsmanna, Gréta Kristín Ómarsdóttir, sviðslistadeild 2024-2026
- Fulltrúi akademískra starfsmanna, Ingimar Ólafsson Waage, listkennsludeild 2024-2026
- Varamaður Massimo Santanicchia, arkitektúrdeild 2023-2025
- Utanaðkomandi aðili Ragnar Helgi Ólafsson 2024-2026



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts